

BYGGT YFIR HUGSJÓNIR: **BREÐHOLT** FRÁ HUGMYND AÐ VERULEIKA



BYGGT YFIR HUGSJÓNIR
BREIÐHOLT
FRÁ HUGMYND AÐ VERULEIKA

Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhús
febrúar - maí 2002

Inngangur

Skipulagsmál Reykjavíkur hefur borið hátt í umræðunni undanfarið, en það er þó ekki í fyrsta skipti sem þau eru áberandi í borginni. Skipulag hennar var þráðumál stjórnálamanna meira og minna alla 20. öldina, en deilur á þessu svíði bar einna hæst þegar Breiðholtshverfið varð til.

Umræðan um Breiðholtið hefur verið mikil og stöðug allt frá því framkvæmdir hófust þar, og hafa alla til óverið mjög skiptar skoðanir um hvernig til hefur tekist. Helstu ástæður þess að ráðist var í þessa miklu uppbyggingu voru augljósar: í Reykjavík hafði orðið sannkölluð fólksfjölgunarsprengja á sjötta áratugnum, fólk bjó viða í heilsuspíllandi húsnæði, og þegar kom fram á sjóunda áratuginn krafðist verkalyðshreyfingin tafarlausra úrbóta. Því varð uppbygging hverfisins bæði hröð og umfangsmikil — og þrátt fyrir góðan ásetning varð afraksturinn ekki öllum að skapi, eins og sjá má og heyra enn í dag á ýmsum niðrandi tilvísunum til hverfisins.

Sýningin „Byggt yfir hugsjónir: Breiðholt frá hugmynd að veruleika“ er tileinkuð þessu mikla umröti í sögu Reykjavíkur. Byggingalistardeild Listasafns Reykjavíkur hefur áður staðið fyrir fróðlegum sýningum um byggingalist og einstaka arkitekta, en með sýningunni „Borgarhluti verður til“ árið 1999 var farið inn á nýjar brautir og fjallað um þróun byggingalistar og skipulags í Reykjavík eftirstríðsárranna. Sýningin nú er eðlilegt framhald sliks verkefna.

Við undirbúning sýningarinnar hefur verið leitast við að draga fram helstu þætti sem skipulag Breiðholtsins byggði á, og lýsa þeiri miklu vinnu sem höfundar skipulagsins lögðu á sig til að þjóna framtíðarhagssmunum hverfisbúa, eins og þeir komu mönnum fyrir sjónir þegar unnið var að bessu verki. Það hefur reynst einkar fróðlegt að ræða við skipulagshöfunda og heyra þeirra viðhorf — bæði eins og þau voru á þeim tíma sem þeir unnu að bessu verkefni, og svo nú, áratugum síðar, þegar reynslan hefur leitt í ljós hvað hafi gengið vel og hvað hafi gengið miður.

Margar borgarstofnanir hafa lagt hönd á plógin, því að gögn um uppbyggingu Breiðholtsins ligga viða. Fyrir hönd Listasafns Reykjavíkur vil ég þakka öllum þessum aðilum samstarfið, og sérstaklega nefna til Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Borgarskjallasafn, Borgarskipulag og embætti byggingafulltrúa, en í öllum þessum stofnunum var starfsfólk boðið og búið að aðstoða við undirbúning sýningarinnar. Jafnframt hefur fjöldi einstaklinga lagt hönd á plógin og veitt mikilvægar upplýsingar um afmörkuð atriði.

Loks ber að þakka Ríkisútvarkinu / Sjónvarpi sérstaklega fyrir samstarfið við undirbúning sýningarinnar, en án hins ríkulega myndefnis sem þar er að finna um uppbyggingu Breiðholtsins, hefði þessi sýning ekki orðið nema svipur hjá sjón.

Eiríkur Þorláksson

BYGGT YFIR HUGSJÓNIR

Sýningin „Byggt yfir hugsjónir: Breiðholt frá hugmynd að veruleika“ fjallar um skipulag og uppbyggingu Breiðholtsverfanna þriggja í Reykjavík. Þessi sýning er í raun framhald sýningarinnar „Borgarhluti verður til“ sem haldin var á Kjarvalssþóðum haustið 1999. Þar var sjónum beint að skipulagi og byggingum í Austurbæ Reykjavíkur. Nú er litið á þær breytingar sem urðu á borginni í kjölfar þess að unnin var heildarskipulagsáætlun, aðalskipulag, fyrir alla borgina frá 1962-1983 og þar kynnt áætlun um að framtíðarbyggingarland borgarinnar væri meðal annars í hæðunum austan hennar við bæina Árbæ og Breiðholt.

Ákveðið var að Breiðholtið skyldi byggt í þremur áföngum. Fyrst hófst framkvæmdir í Neðra-Breiðholti, Breiðholti I, sem reis á árunum 1966 til 1973. Því næst hófst uppbygging í Efra-Breiðholti, Breiðholti III, sem einnig er kallað Fell- og Hölahverfi. Vinna við skipulag þar hófst 1966 og var framkvæmdum að mestu lokið 1980. Bygging Seljahverfis, Breiðholts II, hófst síðast. Þar hófst framkvæmdir um 1970 og var lokið um 1985.¹ Í aðalskipulagi var gert ráð fyrir að Efra-Breiðholtið yrði framtíðarbyggingarland Reykjavíkurborgar. Áttu framkvæmdir þar ekki að hefjast fyrr en uppbyggingu í Neðra-Breiðholti og Seljahverfi væri lokið. Hins vegar fór það svo að framkvæmdir í Efra-Breiðholti hófst mun fyrri en áætlað var og raunar áður en hafist var handa í Seljahverfi. Það skýrir hvers vegna númeraröð hverfanna er ekki samræmi við byggingartíma þeirra.


Þessi hverfi hafa frá upphafi verið mikil til umræðu og hverjum sýnst sitt, á stundum hafa þau jafnvel verið alræmd. Í eftirfarandi grein er stuðst við vettvangsferðir höfundar, ritaðar heimildir bæði prentaðar og óprentaðar ásamt viðtölum við skipulagshöfunda hverfisins og íbúa þar fyrri og síðar.

Rétt er að líta fyrst á skipulagsvinnu borgaryfirvalda

sem fór af stað á árunum fyrir 1960 og náið hámarki með útkomu bókarinnar Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-1983 sem kom út árið 1966. Til að vinna að skipulaginu voru fengnir hingað danskir sérfræðingar þeir Peter Bredsdorff arkitekt og Anders Nyvig verkfræðingur sem höfðu Íslenska sérfræðinga sér til aðstoðar, þar á meðal gamla nemendur Bredsdorffs, þá Stefán Jónsson arkitekt og Reyni Vilhjálmsson landslagsarkitekt. Ákveðin hugmyndafræði einkennir skipulagið sem kom fram í þessu riti, horfið var frá samfelldri borgarbyggð og í stað hennar skipulögð úthverfi, hin fyrstu sinnar tegundar hér á landi. Þau voru síðan tengd saman með miklum umferðarmannvirkjum. Íbúðabyggð og atvinnuhverfi voru aðskilin og áhersla lögð á að aðgreina umferð akandi og gangandi vegfarenda. Einnig voru lagðar línlur um framtíðaríbúðarhúsnaði þar sem meðal annars var lagt til að fjölbýlishús ættu ekki að vera hærri en þrjár hæðir og sem flestir ættu að hafa aðgang að eigin garði. Bent var á að lágar sambyggingar t.d. keðjuhús og raðhús væru góðir kostir þegar byggja ætti þétt en ekki hátt.²

Árbær og Neðra-Breiðholt eru fyrstu raunverulegu úthverfi Reykjavíkurborgar, skipulögð eftir hugmyndafræði aðalskipulagsins. Hverfi af þessari gerð eru stundum kölluð svefnhverfi því íbúarnir sækja atvinnu annað. Hverfin eru tengd við borgarkjarnann með hraðbrautum og á milli þeirra liggja græn, opin svæði.

Á sjötta áratugnum hafði módernisminn náð að festa sig í sessi á Íslandi, fjölbýlishús voru fjöldamálarameid til, dæmis við Gnoðarvog og Ljósheima, þar sem skriðmót flýttu mjög öllum framkvæmdum. Verið var að reyna að leysa húsnæðisvandann sem lengi hafði verið viðvarandi í borginni.³ Frá stríðslokum og fram til ársins 1960 fjölgæði íbúum höfuðborgarinnar úr 46.578 í 72.270⁴ og þurfti því



að halda vel á spóðunum til að ná að byggja svo hratt að allir hefðu þak yfir höfuðið. Það tókst ekki og bjó fjöldi fólks við óviðunandi aðstæður, meðal annars í bröggi sem hernámslið Bretta og Bandaríkjamanna skildu hér eftir í lok stríðsins.⁵

Árið 1961 var efnt til norrænnar samkeppni um skipulag íbúðahverfis í hlíðum Fossvogsdals. Finnsk tillaga bar sigur úr býtum en ákveðið var að byggja eftir tillögu íslenskra arkitekta sem var meðal þeirra samkeppnistillagna sem keyptar voru. Höfundar voru arkitektarnir Manfreð Vilhjálmsson, Gunnlaugur Halldórsson og Guðmundur Kr. Kristinsson, Reynir Vilhjálmsson landslagsarkitekt var þeim til aðstoðar. Í skipulagi Fossvogshverfis var lögð áhersla á að allir íbúar nytu sólar, að aðskilja garða og bílastæði og reyna að láta bílaumferðina skera hverfið sem minnst í sundur. Eitt af markmiðum skipulagshöfundanna var að börn kæmst í skóla án þess að fara yfir umferðargötur. Þetta var hverfi á minni skala en þau sem á undan risu, blokkirnar voru einungis tvær og hálf hæð í stað allt að tólf í Heimahverfinu sem risið hafði nokkrum árum fyrr. Segja má að í Fossvogshverfinu hafi verið reynt að taka tillit til alls þess sem áltið var sérlenskar aðstæður eins og að íbúar vildu útsýni, eigin garð, bílastæði og gott aðgengi akandi og gangandi vegfarenda.⁶ Líklega er ekki ástæða til að tala um þessar kröfur sem sérlenskar. Það sem er sérlenskt er hins vegar að hér eru aðstæður til að mæta þessum óskum se hefur gert það að verkum að borgin er dreifbyggð og lágreist, það verður ekki bæði sleppt og haldið.

Breiðholtsverfin þjú eru fyrir margra hluta sakir merkileg hverfi. Þau voru árið 1999 fjölmennasti borgarhluti Reykjavíkur með 22.030 íbúa sem bjuggu þar í 7.611 íbúðum. Þar af eru 1.957 einbýlishús og eru þau hvergi fleiri í einu hverfi, næstflest í Grafarvogi 1.747. Íbúðir í fjölbýli eru líka flestar í Breiðholti 5.317 á meðan þær eru 3.084 í Vesturbæ þar sem þær eru næst flestar. 18% af íbúðarhúsnaði í borginni var í Breiðholti árið 1999.⁷

Breiðholtið er í hugum margra nátengt miklum framkvæmdum á vegum hins opinbera til lausnar á húsnæðisvanda láglunaafólks í Reykjavík á 7. og 8. áratugnum. 1965 var sett á fót svonefnd framkvæmdaneftir Byggingaráætlunar sem hafði það

hlutverk að byggja húsnæði sem selja átti láglunaafólki á góðu verði með hagstæðum lánum. Þessar íbúðir eru allar í Breiðholti. Í Breiðholti eru 1.786 íbúðir sem reistar voru með opinberum stuðningi eða 23,4% af heildar fjölda íbúða í hverfinu en þar sem um var að ræða stærsta átak ríksvaldsins og Reykjavíkurborgar í húsnæðismálum. Fram að því fengu þær mun meiri athygli en það húsnæði sem reist var á almennum markaði. Þó að flestir væru sammála því að húsnæðisvandi láglunaafólks væri verkefni sem hið opinbera ætti að leysa þá spunnust samt miklar deilur á síðum dagblaða og jafnvel á Alþingi um hús þar. Má þar til dæmis nefna gagnrýni Stefáns Valgeirssonar alþingismanns um frágang íbúða í Neðra-Breiðholti og stöðuga gagnrýni á síðum dagblaðsins Vísir á ýmsa þætti þess sem þeir kölluðu Breiðholtsævintýrið.⁸ Frekari fróðleik um þetta efni er að finna í grein Eggerts Þórs Berharðssonar annarsstaðar í þessu riti.

Hér lendis hafði það lengi tíðkast að byggja húsnæði fyrir láglunaafolk í klösum, allt frá því að Bjarnaborg reis við Vitastíg um aldamótin 1900. Verkamannabústaðahverfi við Hringbraut og á Rauðarárholti eru dæmi um þetta. Sama var uppi á teningnum erlendis, en í Svíþjóð þar sem reynslan af þessu var mjög slæm á fjórða áratugnum þá ákváðu yfirvöld að reisa ekki hverfi þar sem aðeins væru félagslegar íbúðir.⁹ Hér virðist ekki hafa farið fram umræða um að ekki ætti að byggja fjöldu félagslegra íbúða á sama stað. Sú umræða hófst ekki fyrr en eftir byggingu Breiðholtsins. Einhverjur bentu þó á að það gæti verið kostur að blanda betur félagslegu húsnæði og húsnæði sem selt var á almennum markaði en ekki var hlustað á þá, enda var þá búið að taka pólitíkska ákvörðun um staðsetninguna og skipulagið sem arkitektarnir þurftu svo að vinna eftir.¹⁰

NEÐRA-BREIÐHOLT

Þó að stundum sé talað um Breiðholtið sem eina heild verður að líta til þess þegar rætt er um skipulag hverfisins að hér er í raun um þjú sjálfstæð hverfi að ræða. Fyrst Breiðholt I eða Neðra-Breiðholt sem er elsta hverfið og var að nokkru leyti skipulagt um leið og unnið var að Aðalskipulaginu. Höfundar skipulags Breiðholts I voru þeir Stefán Jónsson arkitekt sem nú er látin og Reynir Vilhjálmsson landslagsarkitekt



Hverfið er staðsett á þeim stað er áður kallaðist Móholt, á sléttu neðan Breiðholtshvarfs og í hlíð mótt norðri niður að Elliðaáum og mótt vestri niður að Mjódd. Breiðholt I er skipulagt þannig að þær þrjár mismunandi húsagerðir sem í hverfinu eru, eru aðgreindar með safnbrautum. Raðhús á móti vestri, einbýlishús á móti norðri og fjölbýlishús uppi á hásléttunni. Var þetta skipulagt með það í huga að sem allra flestir gætu notið útsýnis úr íbúðum sínum. Miðað var við að frá efri hæð raðhúsanna væri ávallt útsýni yfir næsta hús fyrir neðan og út yfir Fossvogsdal og Kópavog. Raðhúsabyggðin er all

þétt og húsin keimlík enda skipulagsskilmálar strangir. Einbýlishúsin standa við botnlangagötur á nokkuð stórum lóðum. Einbýlishúsahverfið er ekki tengt með umferðargötum við byggðina uppi á holtinu, sem gerir það nokkuð einangrað og enginn gegnumakstur er um hverfið. Þar kemur fólk ekki nema eiga bangad erindi. Skipulag fjölbýlishúsahverfisins var algjört nýmæli á Íslandi, hver blokk myndar U utan um garð sem snýr að opnu svæði sem allar blokkirnar 22 deila. Þar er að finna leiksvæði, skóla, dagheimili og verslun, bílaumferð á aðeins aðgang úr vestri og

þá að bílastæðum við þjónustustofnanir. Aðkoma að bílastæðum fyrir íbúa blokkanna er um stuttar götur á jaðri fjölbýlishúsabyggðarinnar. Þetta var nýbreytni sem átti að auka öryggi gangandi vegfara-enda.

Í upphaflegum tillögum sem kynntar voru í Aðalskipulagsbókinni var gert ráð fyrir 25 fjölbýlishúsum á hásléttunni og áttu þau sem stóðu í jöðrunum að vera tveggja hæða lokaðir ferningar. Þeir Stefán og Reynir sem skipulögðu hverfið unnu eins og áður sagði náið með Peter Bredsdorff. Bredsdorff var hrifinn af ákveðnum hlutum í gömlu Reykjavík og benti íslenskum aðstoðarmönnum sínum á að bar mætti leita fanga þegar verið væri að vinna skipulagshugmyndir. Voru það sérstaklega verkamannabústaðir Guðjóns Samúelssonar við Hringbraut sem heilluðu Bredsdorff. Þar taldi hann líkt og margir fleiri vel hafa tekist til að skapa mannlega, barnvæna og skjölgóða umgjörð um daglegt líf. Þegar þeir Stefán og Reynir hófu skipulag Breiðholts I leituðu þeir í smíðju Guðjóns og var upphaflega hugmyndin að lokuðum ferningum fengin frá Guðjóni. Síðar var þó fallið frá þessum hugmyndum og allar blokkirnar eru þrjár hæðir byggðar í U, með garði í miðju.

Skipulag fjölbýlishúsahverfisins snýst um að skapa góð almenningarsými. Blokkirnar mynda líkt og mún um gróðurreitinn á miðsvæðinu og því má segja að hverfið sé innhverft. Skipulagshöfundarnir lögðu ríka áherslu á að gönguleiðir í hverfinu væru sem styrtar og að börn kæmst í skóla án þess að fara yfir götu, sú er raunin um börn í fjölbýlishúsunum en börn sem búa í einbýlis-eða raðhúsahverfunum þurfa að fara yfir götu á leið sinni í skóla.

Það er tilfinning þess sem hér ritar að meiri rækt hafi verið lögð við skipulag fjölbýlishúsahlutans og allt reynt til að gera hann sem mest aðlaðandi en lítið svo á að íbúar einbýlis- og raðhúsa byrftu ekki sams konar meðhöndlun til að kunna vel við sitt hverfi. Það hafi ekki verið talið nauðsynlegt að bjóða þeim upp á sömu þægindi og íbúum fjölbýlishúsanna. Sömu skipulagshöfundar skipulögðu Árbæjarverfið og þar með fjölbýlishúsini við Hraunbæ sem eru annað dæmi um vel heppnaða fjölbýlishúsbyggð þar sem tekist hefur að samræma umferð gangandi og akandi, sjá íbúum fyrir bílastæðum og jafhvæl bílskúrum og skapa börnum einstakt og verndað leiksvæði í námunda við heimili sín. Skipulagshöfundarnir töldu sjálfr að betur hefði tekist til í Breiðholts I með því að mynda byrpingu húsa í stað lengju eins og í Árbæ.

Framkvæmdanefnd fékk úthlutað lóðum undir 5 fjölbýlishús og 23 einbýlishús auk þess sem Reykjavíkurborg fékk lóð undir eitt fjölbýlishús. Fjölbýlishúsini voru byggð í U líkt og önnur hús í hverfinu, framkvæmdanefndin var ósátt við þetta fyrirkomulag og taldi það of dýrt auk þess sem erfitt var að koma við stórvirkum vinnuvélum.

Útlit húsanna í Breiðholts I er mismunandi þó að greinilegt sé að ákveðnar línum voru lagðar með skipulagsskilmálum, sérstaklega á það við um fjölbýlishúsini og raðhúsini en einbýlishúsini eru meira hvert með sínu lagi þótt mikill landhalli hafi sums staðar sett þeim ákveðin takmörk. Það er vingjarnlegur og mannlegur módnismi sem mætir manni hvarvetna, reynt er að hugsa fyrir því að íbúarnir geti leyst allar sínar þarfir á sem einfaldastan hátt í hverfinu.¹¹

EFRA-BREIÐHOLT

Breiðholt III var utan þess svæðis sem áætlað var að byggja á samkvæmt tillögum í Aðalskipulagi og höfðu áætlanir miðað að því að í fjarlægri framtíð risi þar um 5000 manna byggð. Framkvæmdanefnd Byggingaráætlunar söttist eftir byggingarlandi undir næstu áfanga og fór fram á að fá að skipuleggja svæðið sjálf. Ákveðið var að afhenda henni svæðið uppi á Breiðholtshvarfinu, umhverfis Sauðhlósmýrina. Starfsmenn nefndarinnar, arkitektarnir Geirharður Þorsteinsson og Hróbjartur Hróbjartsson voru fengnir til verksins og lagði nefndin áherslu á að hægt væri að kom við stórvirkum vinnuvélum og fjöldaframleiðslu við byggingu húsanna.

Hverfið skiptist í Fellahverfi í suðri þar sem öll götunöfn enda á -fell og var það kallað Suðurdeild í skipulagstillögum og Hölahverfi, Norðurdeilda, þar sem öll götunöfn enda á -hólar. Milli þessara tveggja hluta er miðsvæði, sem í skipulagstillögum skiptist í Vestur- og Austurdeild þar sem opinberar stofnanir er að finna, grunn- og framhaldsskóla ásamt sundlaug, bókasafni, menningarmiðstöð, íþróttavelli og nú síðast heilsugæslustöð. Bera götunöfnin þar endinguna -berg.

Þeir Geirharður og Hróbjartur lögðu til mun þettari byggð en gert var ráð fyrir í Aðalskipulagi, með allt að 12.000 íbúum. Til að ná þessum þéttleika var lagt til að stórr hluti íbúða í hverfinu væri í fjölbýli. Niðurstaðan varð að 82% íbúða eru í fjölbýlishúsum.¹² Þéttleikinn átti að auka áthragatilfinningu sem var eitt af því sem skipulagshöfundarnir lögðu áherslu á að ná fram.¹³





4

Háhýsin á brún Breiðholtshvarfsins setja mikinn svip á Reykjavík, þar sem þau gnæfa yfir borgina. Áður höfðu verið byggð háhýsi í borginni til dæmis á Austurbrún og við Sólheimi, þar sem háhýsin voru staðsett á hæðartoppum, og spunnust um þau nokkrar deilur. Líta má á blokkirnar í Breiðholtinu sem áframhald af þeiri skipulagshugmynd að nota hæð hússanna til að ýkja landslagið. Byggja hátt á hæðum en lágt í döllum. Skipulagshöfundarnir voru sér meðvitaðir um að háhýsi voru umdeild og þekktu til rannsókna á kostum þeirra og göllum. Meðal þess sem hafði komið fram í slíkum rannsóknum var að íbúar háhýsa fóru minna út en íbúar lægri húsa og að háhýsi væru óhentugir bústaðir fyrir barnafjölskyldur. En þeir mátu kosti hússanna meira, með þeim væri hægt að ná góðri nýtingu lands, minnka kostnað við gatnagerð og holræsi, skapa skjól og einnig gætu íbúar slíkra húsa í krafti fjöldans komið sér upp sameiginlegri aðstöðu eins og til dæmis barnagæslu.¹⁴

Meðal þeirra nýjunga sem komu fram í Breiðholti III voru svo kölluð gerðishús við Vesturberg sem eru eins konar millistig milli einbýlishúsa og raðhúsa. Áður höfðu þeir Stefán og Reynir gælt við svipaðar

hugmyndir í Breiðholti I en fallið frá þeim. Svæðið á vesturbrún Breiðholtshvarfsins með útsýni yfir Breiðholt I og borgina út á sundin afmarkast meðal annars af umferðaræðum og lögðu skipulagshöfundar áherslu á að húsin verðu íbúana fyrir umferðarhávaða. Markmið þeirra var að nýta útsýnið sem allra best og byggja þétt. Því nýttu þeir sér þéttleika raðhúsa. Húsin eru vinkillaga og standa í þéttum röðum svo hvert hús lokar af garði hússins fyrir ofan. Ekki var gert ráð fyrir bílskúr við hvert hús heldur sameiginlegu bílskýli á bílastæði og er aðkoma að húsunum um göngustíg.¹⁵ Til að ná sem heildstæðstu yfirbragði voru skipulagsskilmálar um ytra útlit hússanna strangir. Húsin er þó hvert með sínu lagi, innan þeirra marka sem gefin voru. Hugmyndin er á margan hátt skemmtileg en þar sem húsin eru að mestu lokað út að göngustígum og bílastæðum eru almenningsrýmin umkringd steinveggjum á alla kanta sem gerir þau fráhrindandi.

Ákveðið var í upphafi skipulagsvinnunnar í Breiðholti III að öll hús framkvæmdanefnar Byggingaráætlunar ætti að reisa í sama hverfishluta svo hægt væri að nota stórvirkar vinnuvélar eins og



krana á braut til að flýta verklokum og lækka kostnað. Húsunum var valinn staður í Fellahverfi, þar er stutt niður á klöpp og tiltölulega slétt svo að undirbúningskostnaður var ekki mikill. Nefndarmenn lögðu ríka áherslu á það við skipulagshöfunda að hverfið ætti að vera sem ódýrast í uppgjingu svo hægt yrði að selja íbúðirnar á sem sanngjörnustu verði. Þetta var í sjálfu sér gófugt markmið. Fyrstu hugmyndir skipulagshöfundanna gengu út á að að blanda saman lágri fjölbýlishúsa-byggð, þriggja hæða húsum, og raðhúsum sem ýmist áttu að vera ein eða tvær hæðir. Framkvæmdanefndin féll síðar frá þessum hugmyndum og voru raðhúsin öll á einni hæð og lóðirnar seldar einkaaðilum sem stuðlaði að félagslegri blöndun hverfisins. Fram kemur í greinargerð Geirharðs og Hróbjarts að eftirspurn eftir tveggja hæða raðhúsum var ekki mikil. Einnar hæðar raðhús voru vinsælli þar sem þau voru léttari í umgengni, þeim fylgdi stærri lóð og bau voru hagstæð fyrir „sjálf-byggja“.¹⁶ Upphaflega hugmyndin, að byggja einnar

og tveggja hæða raðhús við hlið þriggja hæða blokka hefði skapað heildstæðara hverfi en það sem varð niðurstaðan. Hinn mikli hæðarmunur á annars vegar einnarhæðar raðhúsum og hins vegar fjögurra hæða fjölbýlishúsum í Fellahverfi býr til skörp skil á milli húsgerða.

Reynslan í Breiðholti I hafði kennt framkvæmdanefndinni að dýrt var að byggja U laga hús og frábað hún sér því strax í upphafi allar slíkar æfingar. Það hafði einnig komið í ljós að einn dýrasti þátturinn í hverju húsi voru gaflarnir og því var lögð áhersla á að hafa sem fæsta gafla í hverfinu. Varð það niðurstaða arkitekta og skipulagshöfunda að hanna langar blokkir sem væru algjörlega án uppbrota. Móðernistar höfðu lengi hrifist fyrir hinni löngu óbrotnu línu og nú fékkst tækifæri til að reisa hús sem náði samfellt í 300 metra frá austri til vesturs og stendur við hvorki meira né minna en þjár götur og telur 20 stigaganga. Sunnan við húsið risu svo styttri lengjur sem teygðu sig frá norðri til suðurs með allt að sex stigaganga. Austast og




6

vestast á svæðinu eru þó enn lengri blokkir með 8 og 10 stigaganga. Hlaut blokkin langa gælunafnið „langavitleysa“. Að sögn Geirharðs var einn kosturinn við að hafa húsið svona langt og án undirganga að það stýrði umferð gangandi vegfarenda út úr hverfinu, sérstaklega vonuðu skipuleggjendurnir að húsið beindi umferð gangandi skólabarna að ákveðinni gangbraut. Löng hús má finna viðar en í Breiðholti og hafa þau sjaldan þótt koma vel út. Þau þykja skera hverfi í sundur og virka líkt og gjár í landslagi, verða hindrun gangandi vegfarendum og loka á útsýni.¹⁷

Í norðvesturhorni Fellahverfis við göturnar Asparfell og Æsufell er að finna stórvaxið fjölbýlis-hús. Í raun eru þetta tvö samvixin hús sem voru teiknuð hvort af sínum arkitekt og reist af tveimur byggingarfyrirtækjum. Hugmyndir arkitektanna og byggjendanna voru að íbúarnir gætu búið til lítið þjóðfélag í húsunum. Gert var ráð fyrir sameiginlegri barnagæslu, hárgreiðslustofu og smáiðnaði á

jarðhæð.¹⁸ Hugmyndir af þessu tagi áttu víða upp á pallborðið á þessum tíma eins og heyra mátti í útvarpsþætti arkitektanna Magnússar Skúlasonar, Hrafnss Hallgrímssonar og Sigurðar Harðarsonar árið 1974. Þær stungu þeir upp á því að í stað þess að ýsan væri soðin í hverri íbúð fyrir sig, sameinuðust íbúar fjölbýlishúsa um eldamennskuna.¹⁹ Þetta er mjög í anda módernismans og minnir til dæmis á hús le Corbusiers, Unité d'habitation í Marseilles.

Athyglisvert er að í upphafi var gert ráð fyrir tveimur kirkjum í Efra-Breiðholti, einni í Suðurdeild og annari í Norðurdeild, sáu skipulagshöfundar fyrir sér að hægt yrð að staðsetja kirkjurnar í nánum tengslum við verslunarkjarna og göngustígakerfi. Höfðu þeir fengið samþykki biskups fyrir þessari nýbreytni. Þegar að því kom síðar að reisa kirkju í Breiðholti III var ákveðið að hafa hana eina í stað tveggja og var henni valinn staður í jaðri byggðarinnar á miðsvæðinu með útsýni yfir Elliðaárnar og



7



8

til fjallanna í austri.²⁰ Með því að reisa kirkjur í tengslum við verslunarsvæðin hefði verið hægt að skapa torgstemningu eins og tilökast viða í Skandinávíu og á meginlandinu og væri spennandi að sjá þessa hugmynd rætast annars staðar.

Þegar um jafn stórt og fjölmennt hverfi og Efra-Breiðholt er að ræða þá er það ekki deiliskipulagt í einu lagi heldur eru í upphafi lagðar meginlinur um staðsetningu og stærð húsa en síðan fyllt upp í smátt og smátt. Í upphafi var ákveðið að í aust-

urhluta hverfisins ætti í að vera blönduð byggð fjöl og einbýlishúsa. Áherslur breyttust nokkuð frá því að fyrstu línum voru lagðar um 1967 þar til svæðið var endanlega skipulagt um 1975. Blokkirnar voru lækkaðar úr átta hæðum í þrjár og fyrirkomulagi einbýlishúsanna breytt, þannig að í stað þess að reisa húsin við götur voru þau byggð um-hverfis einskonar torg, í byrpungum. Eru þessar breytingar mjög í anda breyttra áherslina í skipulagi er komu fram á 8. áratugnum og hafa verið kenndar við póstmódernisma, afturhvarf til fortíð-

ar þegar byggðin var þétt og lág. Útlit húsanna hafði einnig breyst, bung steinsteypan sem ein-kenndi einbýlishúsin í hverfinu í upphafi ásamt þykum þakkontum og þökum með litlum halla vék fyrir húsum með háu risþaki og hefðbundnara últiti.

Það er viss kostur að taka langan tíma í skipulagningu og uppbyggingu hverfa. Með því móti er hægt að leiðréttá mistök og komast hjá of einsleitu um-hverfi. Á hinn bóginn getur vel skipulagt hverfi með húsum sem hafa svipað yfirbragð haft kosti. Dæmi um slikt má finna við Keilufell í suð-austur hluta Breiðholts III. Hugmyndin var að það svæði yrði skipulagt á síðari stigum og tilheyrir það í raun Austurdeildinni sem skipulögð var um 1975. Náttúrhamfarir breyttu þeim áætlunum. Í janúar árið 1973 hófst eldgos í Heimaey sem hafði meðal annars áhrif á skipulag og uppbyggingu Breiðholtsins. Viðlagasjóður, sem hafði það hlutverk að bæta skaða eftir náttúruhamfarir, fór fram á að fá löðir í hverfinu undir hús þau er reisa átti fyrir Vestmannaeyinga sem ekki gátu snuі til baka eftir gosið.²¹ Flutt voru inn særsk timburhús og reist við Keilufell. Þótti sumum að húsin væru full einsleit en nú brjátíu árum eftir að þau voru byggð verður ekki annað sagt en hverfið sé fallegt og fjölbreytnir ráði þar ríkjum. Hver og einn hefur valið sínu húsi lit og prýtt umhverfið eftir eigin höfði.

Á áttunda áratugnum var gagnýnt að ekki skyldu finnast fleiri atvinnutækifæri í úthverfunum sjálfum. Þau þóttu of eyðileg yfir daginn og það var talið slæmt að börn fengju ekki að kynnast atvinnuháttum með sama hætti og áður. Brugðust skipulagshöfundar Efra-Breiðholts við þessari gagnýni með því að skipuleggja svæði einbýlis-húsa á stórra löð þar sem koma mátti fyrir litlum iðnaði eða annars konar starfs semi sem ekki burfti mikið rými. Þetta er við Hólaberg í yngsta hluta hverfisins.

Ef litið er á hverfið í heild er ljóst að þar er ekki allt eins og best verður á kosið. Hlutfall fjölbýlis er hátt og erfitt reynist að skapa vinalegt umhverfi í kringum þau. Verkamannabústaðirnir við Austurberg eru þó skref í rétta átt, þar sem húsin eru aðeins þrjár hæðir og þeim er skipt upp í mun minni einingar en í Fellahverfi. Þeim er skipað umhvefis garða þar sem finna má gott leiksvæði fyrir börn.²²

SELJAHVERFI

Þegar að því kom að skipuleggja þann hluta Breiðholts sem kallaður er Breiðholt II eða Seljahverfi var leitað aftur til arkitektastofunnar Höfða sem þeir Stefán Jónsson og Reynir Vilhjálmsson ráku, enda höfðu þeir komið með ákveðnar tillögur að skipulagi hluta þessa hverfis um leið og þeir skipulögðu Breiðholt I. Nú hafði Höfða bæst liðsauki frá Danmörku í þeim Guðrúnu Jónsdóttur og Knúti Jeppesen og höfðu þau umsjón með skipulagsvinnunni í Seljahverfi. Forsendur fyrir byggð á svæðinu höfðu breyst, því áður var gert ráð fyrir að þar risu eingöngu einbýlis- og raðhús en vegna krafna frá litlum byggingarverktökum var ákveðið að reisa þar hverfi lágra og lítilla fjölbýlishúsa sem minni fyritæki réðu að reisa, ólikt stórbýggingunum í Efra-Breiðholti. Var fjölbýlishúsabyggðinni valinn staður efst á Fálkahól sem áður hafði verið talinn óbyggilegur sökum hæðar yfir sjávarmáli. Þau Guðrún og Knútur skipulögðu blandað hverfi fjölbýlis- og raðhúsa sem fell vel að landslaginu og húsin vörpuðu sem minnstum skugga. Þau skipuðu húsunum í byrpinger sem hver um sig mynd-aði skjölgott útirými þar sem kröfum um aðgang að garði fyrir hverja og eina íbúð var mætt að ein-hverju leyti. Sérkenni húsanna samkvæmt skipulaginu átti að vera bratt, einhalla þak. Þetta sögðu þau geta boðið margvíslega möguleika á nýtingu. Þar sem áherslan var á að hafa íbúðir af mimunandi staerð í hverjum stigagangi héldu þau að byggingarverktakar kæmu til með að líta á þetta sem tækifæri. En svo var ekki. Eftir að skipulagið hafði hlotið formlegt samþykki og hefjast átti handa við löðaúthlutun kom í ljós að byggingarverktakar settu sig upp á móti skilmálunum og töldu sig ekki geta byggt hús samkvæmt þeim. Borgaryfirvöld ákváðu að taka tillit til þessa og gáfu verktökunum leyfi til að hafa húsin öðruvísi en ráð var fyrir gert. Þau hafa þó öll einhalla þök en yfirleitt ekki eins brött og ætlunin var. Hæð húsanna varð einnig meiri en ráð var fyrir gert í skipulaginu og sú hugsun að húsin mynduðu líkt og hettu á Fálkhólnum fór út um þúfur.²³ Allt húsnæði á Fálkhól var selt á frjálsum markaði. Eitt sinn þegar Guðrún var beðin að skýra skipulagið á Fálkhólnum líkti hún því við rós og hefur það fest við hverfið, sumir héldu jafnvel að eina hugmyndin á bak við röðun húsanna hefði verið að það liti út eins og rós úr lofti.²⁴



9

Í skipulagi Neðra-Breiðholts frá 1964 var í hlíðum Fálkhólsins, á því svæði sem Breiðholtsbærinn stóð eitt sinn og garðyrkjustöðin Alaska var til skamms tíma, gert ráð fyrir einbýlishúsabyggð við botnlangagötur. Ekki hafði verið byggt eftir bessu skipulagi og því fengu nýir skipulagshöfundar tæki-færi á að spreyyta sig á að skipuleggja byggð þar. Í fyrstu sáu þeir fyrir sér þyrpingar einbýlishúsa um-hverfis lítil torg en hurfu frá þeim hugmyndum og varð niðurstaðan mjög svipuð því sem beir Stefán Jónsson og Reynir Vilhjálmsson höfðu lagt upp með í sínum fyrstu drögum.

Í miklum bratta í vesturhlíðum Fálkhóls var ákveðið að gera tilraun með að reisa svonefnd keðjuhús sem teygja sig niður hlíðina og liggja milli gatna. Mikill landhalli gerir að verkum að allir hafa gott útsýni en lóðirnar eru á hinn bóginn mjög brattar svo að útvistarsvæði einskorðast að miklu leyti við svalir. Þegar uppdrættir skipulagshöfundanna eru skoðaðir minna þeir um margt á terrasshús á Spáni en í raun eru húsin þung og margbrotin steinsteypuvirki.²⁵

Í upphafi skipulagsins var ákveðið að miðhverfi þess skyldi vera í dalverpinu sem skiptir því í tvennt og litu höfundarnir til Þingholtanna hvað varðaði fyrirmynndir um þéttleika og umferðarkerfi.²⁶ Nokkrar athyglisverðar tilraunir voru gerðar af hálfu skipulagshöfunda til að fá tilvonandi íbúa til að taka þátt í mótnum skipulagsins. Við Kögursel, Kambasel, Hálsasel og Heiðarsel er að finna svonefnda tilraunareiti. Þar er einbýlishúsum komið fyrir í þéttum þyrpingum, með sameiginlegu leiksvæði á milli húsa auk þess sem hvert hús á sína einkalóð. Íbúarnir voru með í ráðum og ekki verður annað sagt en vel hafi tekist til, og þó húsin standi þétt eru betta vinalegar götur sem leiða hugann að gömlu hverfunum í miðborginni

Mörgum sem fara um Seljahverfi finnst sem það hljóti að vera skipulagt af mörgum mismunandi höfundum sem hafa ólíka sýn á umhverfi en staðreyndin er sú að allt hverfið er skipulagt af sömu arkitektum sem reyndu að ná fram fjölbreytni og skapa aðstæður fyrir margar gerðir af íbúðarhúsnæði. Í hverfinu má finna allt frá þínulitlum fjölbýl-

ishúsaibúðum upp í einhver stærstu einbýlishús í Reykjavík. Hugsunin á bak við þessa fjölbreytni var að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi svo fjólskyldur þyrftu ekki að flytja úr hverfinu þótt þær stækkuðu. Nú er þar jafnvel að finna íbúðir ætlaðar eldri borgurum og elli- og hjúkrunarheimil- Í Seljahlíð.

Þó að sumt hafi farið miður vel við skipulag Breiðholtsins og hluti þeirrar gagnrýni sem hverfið fékk á sig í upphafi hafi verið á rökum reistur, þá hefur það

á margan hátt elst vel. Fallegt og gróður er í Neðra-Breiðholti, í Fellahverfi hafa blokkir framkvæmdanefndar fengið andlitslyftingu og fjölbreytni Seljahverfis nýtur sín betur en áður, nú begar gróður er í sárin. Það er gaman að heimsækja hverfin og ganga þar um. Þeir sem vilja upplifa gamla tíma begar hverfið var sundurgrafið og varla stingandi strá að sjá, þurfa þó ekki að leita lengi, því rétt sunnan við Seljahverfið ris nú nýtt íbúðahverfi, Linda og Salahverfi í Kópavogi og hver veit nema eftir þrjátíu ár verði hér sýning á uppbyggingu þess.

TILVÍSANIR

- 1 Árbók Reykjavíkurborgar 1980, Reykjavík 1980, bls. 64-5 og Árbók Reykjavíkurborgar 1985, Reykjavík 1985, bls. 68-9 ásamt viðtölum við skipulagshöfunda.
- 2 Sjá, Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-1983, Reykjavík 1966, bls. 257-261.
- 3 Borgarhluti verður til, byggingarlist og skipulag í Reykjavík eftirstríðsárranna, Reykjavík 1999, bls. 6-7.
- 4 Árbók Reykjavíkur 1973, Reykjavík 1973, bls. 15.
- 5 Sjá t.d. Eggert Þór Bernharðsson: Undir Bárújárnsboga, braggalif í Reykjavík 1940-1970, Reykjavík 2000.
- 6 Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-1983, Reykjavík 1966, bls.
- 7 Árbók Reykjavíkur 2000, Reykjavík 2000, bls.
- 8 Árbók Reykjavíkur 2000, Reykjavík 2000, bls. og Ágústa Kristófersdóttir: Hús vonarinnar
- 9 Funktionalismens gennombrott och kris
- 10 Viðtal við Geirharð Þorsteinsson í janúar 2002.
- 11 Viðtal við Reyni Vilhjálmsson í janúar 2002, skissur og uppdrættir af Breiðholti I, L.R.Bld. og Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-1983, bls. 191-198.
- 12 Árbók Reykjavíkur 2000, bls. 67.
- 13 Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar maí 1967, tillaga að deli skipulagsáætlun fyrir Breiðholt III, óprentað, L.R. Bld. bls. 6-9.
- 14 Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar maí 1967, tillaga að deli skipulagsáætlun fyrir Breiðholt III, óprentað, L.R. Bld. bls. 10 og Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-1983, bls. 258.
- 15 Breiðholt III - „Vestur“ Gerðishús. Greinargerð. Janúar 1969. Óprentað, L.R. Bld.
- 16 Breiðholt III - Suður. Raðhús. Greinargerð. Júlí 1969. Óprentað, L.R. Bld.
- 17 Rekordáren
- 18 Morgunblaðið 24.10.1970, bls. 13 og Alþýðublaðið 21.01.1971, bls 6 og 7.
- 19 Íbúðin, heimur sambýlis eða einangrunar. DB-1607, Ríkis-útvapnið 30.01.1974.
- 20 Viðtal við Geirharð Þorsteinsson í janúar 2002.
- 21 Stjórnartíðindi A - 1973. Bls. 189-190.
- 22 Viðtal við fyrrum íbúa.
- 23 Mat á skipulagi Árbæja og Breiðholtshverfa, A: ma skipulagshöfunda, Reykjavík 1985 bls. 10-21.
- 24 Viðtal við Guðrúnú Jónsdóttur í janúar 2002.
- 25 Skissur og uppdrættir af keðjuhúsum í Seljahvefi LR. Bld
- 26 Seljahverfi, greinargerð með skipulagsdrögum. Telknistofan Höfði, Bergstaðastræti 52. Reykjavík 1975, bls. 10, 51-52.

ÍBÚÐIR FYRIR FJÖLDANN

Ég kom fyrst í Breiðholtið í maí 1968, þá í fylgd móður minnar og stjúpa. Við vorum í hópi þeirra þúsunda sem lögðu leið sína á aðra hæðina að Ferjubakka 16 til bess að skoða þar tvær sýningaráðbúdir, fagurlega búnar íslenskum húsgögnum. Í minnum barnshuga voru húsakynnin sérlega björt og vitt til veggja enda hafði ég sjálfur aist upp við þróngbýli í Pingholtunum. Framkvæmdaneftir bygginingaráætlunar stóð fyrir sýningunni sem var liður í að kynna nýjar fjölbýlishúsaðbúdir og bygginingarframkvæmdir í borgarhluta sem átti eftir að verða stærsta íbúðahverfi Reykjavíkur.

Ári síðar kom ég næst í Breiðholtshverfið. Þá var ég einn á ferð og gisti hjá vini mínum og jafnaldra sem var nýfluttur í nýja Framkvæmdaneftardænbúð að Hjaltabakka sem foreldrar hans höfðu fest kaup á. Ég svaf þessa fyrstu nótt í stóru og rúmgóðu herbergi sem vinurinn deildi með bróður sín. Og hvílíkur munur frá því sem við vorum vanastir frá fyrrri tíð! Að vísu hafði ég átt heima í Árbæjarhverfi í eitt ár þegar þarna var komið sögu, í ágætri leiguþúð sem stjúpi minn útvegaði þegar hann kom inn í fjölskylduna. Fjölskylda vinar míns hafði hins vegar misst sitt leiguþúsnæði í Pingholtunum, lent í húsnæðisvandræðum eins og margir aðrir og loks flust í Höfðaborgina sem var leiguþúsnæði á vegum Reykjavíkurborgar. Höfðaborgin var reist á árunum 1941 - 1942 sem bráðabirgðahúsnæði vegna húsnæðiseklunnar í stríðinu. Síðasta timburhúsið þar var hins vegar ekki rifið fyrr en vorið 1974 og segir það ýmislegt um húsnæðisástandið.

Næstu mánuði var ég tíður gestur hjá vini mínum á Hjaltabakkanum í Neðra-Breiðholti, eins og fyrsti hluti Breiðholtsins var oft kallaður, enda til-tölulega stutt að fara þangað úr Árbænum ef stíflan í Elliðaánum var notuð. Ekki leið hins vegar á löngu uns vegalengdin milli heimila okkar styttist

enn frekar því í janúar 1971 fluttist ég í fyrstu blokkina sem Framkvæmdaneftir bygginingaráætlunar byggði í Fellahverfinu í svokölluðu Efra-Breiðholti. Þar keyptu stjúpi minn og móðir þriggja herbergja íbúð á hagstæðum kjörum eins og aðrir sem skiptu við nefndina. Þar með komust þau í fyrsta sinn á ævinni í eigið húsnæði og voru ekki undir leigusala seld. Svipaða sögu var að segja af mörgum öðrum.

HÚSNÆÐISEKLA Í HÖFUÐSTAÐNUM

Húsnæðiserfiðleikar hrjáðu Reykvikings áratugum saman á 20. öld. Fyrst eftir fyrra heimsstríð var ástandið sérlega erfitt en á þriðja áratugnum rættist nokkuð úr og bygginingarframkvæmdir í Reykjavík voru með líflegasta móti. Samdráttur í efnahagslífini á kreppuárum fjórða áratugarins kom síðan harkalega við Íslendinga og hafði fljóttlega áhrif á húsnæðismál Reykvikings.¹ Kringumstæður fram undir 1940 hömluðu því gegn stórfelldri fjölgun húsa og íbúda í Reykjavík svo húsnæðisvandinn safnaðist þar upp meðan íbúum fjölgði. Ekki bætti úr skák að bæjaryfirvöld voru lítið gefin fyrir að aðstoða fólk í húsnæðismálum á kreppuárunum þótt þau teldu réttmætt að hlaupa undir bagga með þeim sem allra verst voru settir.² Þá var tímafrekt að byggja hús áður en ýmsar nýjungar í bygginingaráttum ruddu sér til rúms á Íslandi og það hægði enn frekar á húsbýggingum í höfuðstaðnum.

Á fimmta og sjötta áratugnum voru braggahverfi áberandi í Reykjavík og margt fólk varð að gera sér herskála að góðu sem íbúðarhúsnæði. Mikilvægur liður í að rýma og rífa braggahverfin var bygginingaráætlun á vegum bæjaryfirvalda sem hrint var í framkvæmd undir 1960 þrátt fyr að braggabyggðinni í Reykjavík hefði að mestu verið útrýmt um miðjan sjóunda áratuginn bjó fólk í ýmsu öðru bráðabirgðahúsnæði - í kjallaraholum og á hanabjálkum, í skúr-



10

um og öðrum álíka vistarverum. Huti þessa húsnæðis var arfur frá kreppunni en í lok kreppuáratugarsins, árið 1940, mældist þróngbýlið í Reykjavík meira en nokkru sinni fyrr eða síðar.³

Í seinna stríði var við mikinn húsnæðisvanda að etja og þá reis fjöldi smáhýsa utan skipulags í bæjarlandi Reykjavíkur. Vegna hafta- og skömmuntunarstefnu stjórnvalda var aftur farið að bera á slíkum byggingarframkvæmdum sumarið 1950. Yfirleitt voru þetta kjallaralaus timburhús, oft byggð af vanefnum og án leyfis yfirvalda. Sum voru aðeins úr kassafjöllum eða gömlu móttatimbri. Smáibúðarhús voru sérstaklega áberandi í Múlahverfi við Suðurlandsbraut en vel þekkt hverfi voru einnig í Blesugrót og Smálöndum.⁴ Árið 1963 var ritað svo um Múlahverfið:⁵ „Parna voru á striðsárunum reistir braggar sem efnalitið fólk settist að í árin eftir stríð. Svo fór þetta fólk að rétta úr kryppunni með árunum sem liðu og á fyrstu árum sjötta áratug[arins] ... hófu að rísa lítil timburhús við braggana eða á rústum þeirra. Húsin voru léleg enda

efni eigendanna af skornum skammti og mörg þeirra teljast enn þann dag í dag vera ófullgerð.“ Í lok ársins 1963 áttu næri sjö hundruð manns heima í Múlahverfinu. Í Blesugrót, Smálöndum og Höfðaborg bjuggu einnig tæplega sjö hundruð manns og í braggahverfum vitt og breitt um borgina bjuggu alls tæplega sex hundruð manns, þar af næri helmingur börn yngri en 16 ára.⁶ Í ofangreindum hverfum voru því næri tvö búsund manns í árslok 1963 og ótaldar eru allir þeir Reykvíkingar sem bjuggu við ófullnægjandi húsnæði annars staðar í borgarlandinu, auk þess sem leiguverð var víða afar hátt. Sinna þurfti þessu fólk og með byggingu Breiðholtsins var stigið stórt skref í að leysa húsnæðisvanda fjölda fjölskyldna.

„JÚNÍ-SAMKOMULAG“ OG „JÚLÍ-YFIRLÝSING“

Byggingarframkvæmdir í Breiðholti höfust 6. apríl 1967. Þá voru liðin næri tvö ár síðan ríkisstjórn Sjálfstæðisflokkss og Alþýðuflokkss, „Viðreisnar-

stjórnin" svokallaða, gaf út yfirlýsingum um að byggðar skyldu eitt þúsund íbúðir í Reykjavík fyrir láglunafolk á árunum 1966 - 1970. Það gerði hún í júlí 1965.⁷ „Júlí-yfirlýsingin“ byggði á samkomulagi Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og ríkisstjórnarnar sem gert var í júní 1964 og var í tengslum við kjarasamninga það ár. „Júní-samkomulagið“ var gert „í anda þeirrar viðleitni að skapa hinum lægstlaunuðu kjarabætur, sem gætu aukið hlut þeirra gagnvart herra launuðum atvinnustéttum ...“⁸ Einn veigamesti liðurinn í „júní-samkomulaginu“ var hin nýja stefna í húsnæðismálum sem átti að auðvelda efnalitum fjölskyldum að eignast húsnæði.

Hugmyndum að nýju félagslegu íbúðakerfi var viða vel fagnað enda höfðu samtök launafólks lagt þunga áherslu á húsnæðismál i kjarabaráttu sinni þar sem hundruð fjölskyldna í Reykjavík bjuggu enn í óviðunandi húsnæði, ekki síst almennt verkafólk sem hafði þó lagt sitt af mörkum við fjármögnum húsnæðislánakerfisins en hafði margt hvert hvorki efni né tök á að byggja sjálft. Verkalýðsfélög í borginni töldu tíma til kominn að leysa húsnæðisvanda þessa fólks. Til viðbótar þeim eitt þúsund íbúðum í Breiðholti sem úthluta átti til félagsmanna verkalýðsfelaganna var ákveðið að byggja þar 250 leiguþúðir fyrir Reykjavíkurborg. Alls var því um að ræða 1.250 íbúðir. Skipulagning og umsjón með verkinu var falin Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar en í henni sátu tveir fulltrúar frá verkalýðshreyfingunni, tveir frá húsnæðismálastjórn og einn frá Reykjavíkurborg. Hlutur borgaryfirvalda var m.a. að útvega löðir til framkvæmdanna, nefndinni að kostnaðarlausu, en húsnæðismálastjórn úthlutaði íbúðum að fengnum tillögum frá sérstakri nefnd verkalýðsfelaganna.

Í „júlí-yfirlýsingunni“ 1965 sagði að íbúðirnar ættu að vera hagkvæmar og ódýrar, notaðar yrðu fjöldaframleiðslaðerðir og gerð yrði tilraun til að sannreyna hvort hægt væri að lækka byggingarkostnað með góðri skipulagningu og fullkomnustu tækni sem völ væri á. Íbúðirnar yrðu staðsettar í hverfum þannig að sem mest hagkvæmni yrði í byggingarframkvæmdum, gerð íbúðanna og frágangur yrði staðlaður og það sjónarmið látið ráða að þær yrðu hagkvæmar og smekklegar en án óþarfa íburðar.⁹ Í fyrsta áfanga Framkvæmdanefndarinnar átti að

reisa sex fjölbýlishús af sömu tegund. Í hverri blokk voru 52 íbúðir, ýmist tveggja, þriggja eða fjögurra herbergja, og þeim átti að skila fullfrágengnum og tilbúnum til íbúðar. Alls voru því 312 fjölbýlishúsa íbúðir í fyrsta áfanga. Til viðbótar þeim voru reist 23 einbýlishús úr timbri.

Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar var fyrsti aðilinn sem hóf framkvæmdir í þessum nýja borgarhluta. Hún gat þó ekki fengið svæði sem var sérstaklega skipulagt með framkvæmdirnar fyrir augum heldur varð að taka hluta af Neðra-Breiðholti þar sem húsagerð og skipulag hafði verið ákveðið áður en gert var ráð fyrir „U-laga“ blokkum. Auk þess var byggingarsvæði ekki að fullu tilbúið og aðstaða á ýmsan hátt erfið - djúpur grunnar, aðkeyrsla örðug og á sama tíma og byggingarframkvæmdir stóðu yfir var unnið við ýmsar aðrar framkvæmdir í hverfinu enda reisti fjöldi annarra byggingaraðila þar blokkir og önnur hús. Í næsta byggingaráfanga Framkvæmdanefndarinnar, í Fellahverfi í Efra-Breiðholti þar sem átti að byggja rúmlega níu hundruð íbúðir á vegum nefndarinnar, hafði hún frjálsari hendur og gat haft blokkirnar langar, mjóar og misstórar. Strax haustið 1965 var hafist handa um skipulagningu á svæðinu og fjórum árum síðar var hönnun og undirbúningi fyrir 1.250 íbúðir að mestu lokið. Hins vegar þótti þá sýnt að mun lengri tíma þyrfti til að ljúka verkinu en upphaflega var ráðgert og gerði ný framkvæmdaáætlun ráð fyrir að Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar lyki verkefni sínu á árunum 1974 og 1975.¹⁰ Áður hafði ríkisvaldið miðað við að verkið tæki fimm ár og yrði búið í árslok 1970. Þannig töfðust byggingarframkvæmdirnar.

Verkefni Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar var afar viðamikið, reyndar svo stórt í sniðum „að mjög erfitt reyndist að fá aðalverktaka til að taka það að sér. Ýmsir sýndu verkefninu áhuga og var farin sú leið, að fá þá til að mynda verktakafélag, Breiðholt h/f.“¹¹ Það var stofnað sem alhliða verktaka- og verkfræðifyrtæki árið 1967 og kom mjög við sögu Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar, hafði alls með höndum sex af sjö byggingaráföngum hennar en þann sjöunda sá Ármannsfell h/f um.¹² Þannig gerði þessi stóra framkvæmd það að verkum að til varð risafyrirtæki á íslenskan mælikvarða með fjölda manns í



vinnu til þess að sinna þessu verkefni. Breiðholt h/f ruddi braut í fjöldaframleiðsluaðferðum við byggingu íbúða og knúði í reynd á önnur verktakafyrirtæki að lækka íbúðaverð hjá sér. Og þegar fullur skriður var kominn á verk Framkvæmdaneftndar byggingaráætlunar í Neðra-Breiðholti virtist viðmið annarra oft bað verð sem nefndin ætlaði að bjóða. Þannig áttu framkvæmdir nefndarinnar óbeinan þátt í því að íbúðaverð í Reykjavík hækkaði ekki því þær urðu öðrum byggingaraðilum hvatning til aukinnar hagsýni og lækkunar á framleiðsluverði.¹³

Veturinn 1967 - 1968 unnu um 200 manns við byggingarframkvæmdirnar í Neðra-Breiðholti og var

slíkur fjöldi í sama verkefni nýmæli á Íslandi en svo margir starfsmenn voru langt fram á árið 1968, um 140 manns hjá Breiðholti h/f og um 50 - 60 menn hjá undirverktökum. Byggingarframkvæmdir tóku tæp tvö ár en reisugilli síðustu blokkarinnar í Neðra-Breiðholti var haldið í árslok 1968. Þannig voru 312 íbúðir í 48 stigahúsum byggðar á 22 mánuðum en bað svaraði til þess að hverju stigahúsi hafi verið lokið á níu vinnudögum eða ein íbúð á 1,4 vinnudegi. Mesti hraðinn var hins vegar tvær íbúðir á vinnudag.¹⁴ Þessi fyrsti áfangi Breiðholtsframkvæmda var stærsta einstaka verkefni íslensks byggingariðnaðar og jafnframt fyrsta skipulagða stórátakið í byggingarframkvæmdum á Íslandi.

SLEGIST UM HVERJA ÍBÚÐ

Þegar fjölbýlishús Framkvæmdaneftndarinnar í Neðra-Breiðholti voru tilbúin áttu íbúarnir að geta hafið matreiðslu strax og flutt var inn. Öll gólfi voru lögð parketi önnur en á baðherbergi þar sem var gólfþíkur. Veggir og loft voru málum útan veggj í baðherbergjum sem voru flísalagðir. Harðviðarhurðir og skápar voru í íbúðunum, spónlagðir með oregon-pine spæni. Hreinlætistæki voru frá Svíþjóð og gert var ráð fyrir þeim möguleika að setja litlir þvottavélar í baðherbergi við hlíð baðkera. Nýtísku eldavélar og stálofnar voru í öllum íbúðum og hverri íbúð fylgdi geymsla í kjallara. Í sameign var allt frágengið. Vélar voru í sameiginlegum þvottahúsum, teppi á stigum, dyrasími, sjónvarpsloftnet á þaki og öllum íbúðum í sama fjölbýlishúsi fylgdi hlutdeild í tveimur sameiginlegum herbergjum (gestaherbergi og húsværðarherbergi), gangstéttar utanhúss voru steyptar, gangstígar malbikaðir, grásræktun í lóð og bílastæði voru tilbúin undir malbikun.¹⁵

Eins og við var að búast höfðu margir áhuga á að hreppa nýja Framkvæmdaneftndaríbúð þegar fyrsta úthlutun fór fram. Voríð 1967 voru alls 260 íbúðir í fjölbýlishúsum og 23 einbýlishús úr timbri auglýst til sölu og begar umsóknarfrestur var útrunninn höfðu borist 1.429 umsóknir. Nefnd briggja manna úr verkalýðshreyfingunni var falið að yfirfara umsóknirnar og var henni mikill vandi á höndum að velja úr hópi umsækjenda þótt ákveðnar viðmiðun-arreglur hafi verið hafðar að leiðarljósi.¹⁶ Íbúðirnar voru seldar með góðum kjörum þar sem 80% af andvirköi hverrar íbúðar voru lánuð til 33 ára, á fyrstu premur árunum voru 20% greidd, þar af 5% við úthlutun. Fullyrt var að þetta væru „langhagstæðustu kjör, sem nokkru sinni ... [hefðu] verið boðin í sambandi við íbúðarkaup“ á Íslandi.¹⁷

Fyrstu þrjár fjölskyldurnar sem settust að í Breiðholtshverfinu að tilhlutan Framkvæmdaneftndar byggingaráætlunar keyptu íbúðir í fjölbýlishúsinu að Ferjubakka, stigahúsum 2 og 4, og fengu lyklavöld þar við hátiðlega athöfn föstudaginn 10. maí 1968. Múgur og margmenni var á staðnum enda stóratburður í sögu reykvisks verkalýðs. Ein fjölskyldan hóf flutninga samdægurs, hinum fluttu inn næstu daga. Fjölskyldurnar þrjár voru á ólíkum aldri, ein hjónin voru tvítug með eitt barn, önnur á fertugsaldri með þrjú börn og þau elstu voru fædd

snemma á öldinni en þau höfðu búið viða í Reykjavík í ófullnægjandi leiguþúsnaði með þrjú börn sem voru öll flogin úr hreiðrinu. Voríð 1968 höfðu gömlu hjónin búið í tíu ár í mikið niðurgröfnum kjallara þar sem herbergin voru lítil og þróng, lágt undir loft og slæm lykt oft upp úr niðurfalli á klósettini.¹⁸ Því var ekki að undra að þau hafi verið „glöð og ánægð yfir því að hafa komist í fallega og góða íbúð.“¹⁹ Þarna ætluðu þau að „una ellinni eftir tæpa 40 ára húsnæðishrakninga ... í borginni.“²⁰ Yngstu hjónin í hópnum voru hins vegar að hefja búskap en höfðu búið heima hjá foreldrum konunnar í nærrí ár. Þau fengu tveggja herbergja íbúð og voru afar lukkuleg með hana.²¹ Fimm manna fjölskyldan fékk fjögurra herbergja íbúð en hún kom úr húsnæði sem var býsna bágborið bannig að umskiptin voru mikil. Húsmóðirin lýsti fyrra húsnæðinu svo:²² „það er stofa, eldhús og vaskahús á neðri hæð og gengið er upp snúinn og þróngan skipsstiga ... upp í bakherbergi á efri hæðinni og þar sofum við öll saman. Húsinu var hróflað upp á stríðsárunum. Eru veggir mjög sprungnir og holóttir og gluggabúnaður hrörlegur. Var mikill húskuld i vetur og hitum við þó upp með olfukyndingu. Hér er mikill mísagangur og veiddum við eina mísina uppi í svefnherbergi eitt kvöldið og hérna niðri trítla þær daglega.“ Hún gerði hreinlætisaðstöðuna sérstaklega að umtalsefní: „Engin vatnslögn er í húsið og er vatnið tekið úr brunni hérna skammt frá — í miklum þurrkum er hér ævinlega vatnsskortur ... og er það ótrúlega mikil raun. Klósett er í vaskahúsinu og er frárennslí frá því út í skurð nokkra metra hér frá. Hefur svo verið síðan húsið var byggt á stríðsárunum. Þá er hér ætið léleg spenna á rafmagninu ...“ Þegar húsmóðirin var að því spurð hvað yrði um þetta húsnæði þegar fjölskyldan flyttist í nýju íbúðina í Breiðholtinu svaraði hún: „Hingað flytur þegar inn sjö manna fjölskylda — hjón með fimm börn og fá þau hvergi inni annars staðar hér í borginni.“

Við úthlutun íbúða í fyrsta áfanga Breiðholtsframkvæmdanna árið 1968 kom einmitt berlega í ljós hve ástandið í húsnæðismálum fjölda Reykvikings var í raun ennþá slæmt þótt vissulega hefði það batnað mikið frá seinna stríði. Margt kom þeim á óvart sem höfðu það hlutverk að deila íbúðunum út, eitt f því var hversu stórvopur ungra hjóna og hjónaefna bjó í íbúð ásamt foreldrum sínum þar sem þegar var þó yfirleitt fullsetið fyrir. Ýmis dæmi



12

voru og um að ung hjón væru með eitt, tvö eða þrjú börn í einu herbergi hjá foreldrum. Þá voru ófá dæmi þess að ung hjón eða hjónaefni bjuggu sitt í hvoru lagi vegna húsnæðisleysis. Um þetta sagði Guðmundur J. Guðmundsson verkalýðsleiðtogi, en hann átti sæti í Framkvæmdaneftir byggingaráætlunar:²³ „Það er sérstaklega brýnt að leysa vanda bessa fólks af þeim ástæðum að viða eru fyrir hendi sambýlisörðugleikar, fyrir nú utan þau áhrif sem slikt hefur á uppeldi barnanna. Þetta unga fólk hefur hvorki efni né aðstöðu til þess að fara út í húsbýggingar eftir þeim möguleikum sem hið almennan húsnæðislánakerfi hefur upp á að bjóða.

Leiguhúsnæði er ekki fyrir hendi nema á okurverði, ef um sæmilegt húsnæði er að ræða, eða heilsu-spillandi húsnæði, sem teflir heilsu barnanna í hættu og er einnig í mörgum tilfellum dýrt. Þetta húsnæðisleysi fólksins er „dulið“ ef svo mætti að orði kveða ...“ Annað sem kom á óvart var hve viða var búið í ófullnægjandi íbúðum í kjöllurum húsa sem sum hver voru nýleg. Umsóknum fólks sem bjó við slík skilyrði með hundruð barna á framfæri sínu fylgdi oft umsögn læknis um hættu á varan-legu heilsutjóni barnanna ef búið yrði lengur í við-komandi íbúð. Í kjallaraíbúðum virtist viða vera svo mikill slagi og raki að börn sem búið höfðu í þeim

höfðu verið kvefuð allan veturinn og mörg komin með „króniskt bronkítis“. Þannig veitti ekki af nýum íbúðum og lýsingar margra umsækjanda sýndu að húsakynni sem þeir bjuggu í gátu vart talist mannabústaðir.

Að jafnaði voru nærrí fimm umsækjendur um hverja íbúð sem úthluta átti í Neðra-Breiðholti, mörg hundruð fjölskyldur voru taldar búa við hreint neyðarástand og í viðbót þurftu hundruð fjölskyldna mjög nauðsynlega á úrlausn að halda.²⁴ Þegar kom að síðari úthlutunum í Breiðholtsframkvæmdunum, og þá í Efra-Breiðholti, var ásóknin í íbúðir á vegum Framkvæmdanefndarinnar svipuð.²⁵ Um 1970 var tiltölulega mikið um barnmargar fjölskyldur í Reykjavík, þá vildi vaxandi fjöldi einhleypingu litlar eigin íbúðir, jafnframt för eldri hjónum fjölgandi sem sögð voru búa í of stórum íbúðum og fengi það fólk inni í húsum með sameiginlegri þjónustu fyrir aldrað fólk gæti fjöldi stórra íbúða losnað handa barnafjölskyldum.²⁶ Auk þess var rík þörf fyrir smáar leiguibúðir handa nýgiftu fólkí þar sem hjónaböndum för fjölgandi, eða eins og Guðmund-

ur J. Guðmundsson orðaði það:²⁷ „Kynslóðin, sem fyrir nokkrum árum sprengdi utan af sér skólabraggingarnar er að komast á giftingaráldurinn og er jafnvel gift og þá liggur í augum uppi að það þarf meira en lítið húsnæði handa öllu þessu unga fólk.“

Framkvæmdir í Efra-Breiðholti höfust haustið 1969. Megin breytingin miðað við neðra svæðið fólst í því að blokkirnar voru í „lengjum“ en ekki „U-laga“ og því var hægt að beita byggingarkrönum á hagkvæmari hátt. Þá var ekki timbur í útveggjum eins og í fyrri húsum. Timbereiningarnar höfðu verið gagnrýndar vegna leka við glugga og voru auk þess dýrar, nánast tvöfalt dýrar en steineiningar. Þær voru þó nauðsynlegar svo koma mætti við stálmótmóum sem var nýjung í byggingarháttum. Ekki var heldur parket á gólfum í þessum íbúðum heldur voru þau vélslípuð og lögð dúki.²⁸ Í árslok 1970 voru fyrstu íbúðirnar í Efra-Breiðholti afhentar en 180 íbúðir voru byggðar þar í þeim áfanga.²⁹ Áfram var haldið á næstu árum og var verki Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar að mestu lokði þar árið 1975. Síðstu þrjátíu íbúðirnar á vegum nefndarinnar voru þó ekki afhentar fyrir en vorið 1980 en þær voru í parhúsum.³⁰ Nefndin var síðan lögð niður árið 1983.

Þótt óánægju hafi gætt meðal ýmissa iðnaðarmanna með starfsemi Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar, byggingarframkvæmdunum væri oft mótmælt og þetta rikisframtak væri iðulega harðlega gagnrýnt af einkaaðilum, varð húsnæðiskostnaður í húsum Framkvæmdanefndarinnar í heild minni en almennt tíðkaðist. Þar með hafði stór hópur Reykvíkinga fengið verulega kjarabót eins og að var stefnt með því að aðstoða lágláunaþólk við að eignast íbúð með góðum lánskjörum.

ÍBÚÐAHVERFI Í VÖRN

Um það leyti sem Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar var lögð niður bjuggu um sex búsdund manns í húsum sem hún lét reisa í Breiðholti en þá bjuggu alls riflega fimmtán þúsund manns í Efra- og Neðra-Breiðholti enda margir byggingaverktakar sem komið höfðu við sögu í hverfunum.³¹ Í kjölfar þessa stórvaksins í byggingu félagslegs húsnæðis var hundruðum heilsuspillandi og ófullnægjandi íbúða í borginni loks útrýmt.





14

þrátt fyrir mikilvægi sitt varð Breiðholtið oft tilefni deiina um skipulag, arkitektúr, umhverfisvernd og almenna þjónustu, auk þess sem menningarlegur og félagslegur aðbúnaður í hverfinu var umdeildur.³² Stundum var kveðið afar fast að orði og felldir sleggiudómar. Árið 1972 var t.d. ritað:³³ „Breiðholt er eins konar borg í borginni, bæði steingeld og ljót - umhverfið fjárdalsamlegt íbúunum. Ferhyrnd, feikistór steinhús, breiðar götur, þjónustumiðstöðvar, grjót og einangrun frá öllu bæjarlífí eru einkenni hverfisins. Til langframa verður þetta umhverfi fólkj jafn óhollt og það heilsuspíllandi húsnæði sem það fluttist úr. Það breytir engu þótt reynt verði að flikka upp á umhverfið með grænu grasi, blómabedum eða myndastytta, sjálf hugmyndin, skipulagningin og hverfamyndunin er ófær með öllu.“ Þannig voru settar fram fullyrðingar sem lýstu vanbekkingu á Breiðholtinu og jafnvel fordónum. Árið 1978 ritaði Þórir Helgason arkitekt:³⁴ „Ég held að þrátt fyrir þá miklu gagnrýni sem dynur yfir Breiðholtið og oft setur samasemmerki milli lélegs skipulags og slæms fólks, „slum“, finnist fjöldan-

um öllum sem þar býr Breiðholt ágætt og eru stoltir af. Maður verður að athuga sinn gang, en ekki setja fram órókstudda gagnrýni. Lengi vel hafa íbúar Breiðholts mátt þola að heyra ókvæðisorð og niðrandi tal um hversu ljótt og leiðinlegt allt sé í kringum þá ... Það er óréttlátt ... Í raun og veru hafa íbúar Breiðholts aldrei komið nálægt skipulagsákvörðunum um hverfið sitt.“

Fjölmíðlar áttu sinn þátt í að kynda undir forðóma, „... það er eins og blöðin taki sérstaklega eftir því ef eitthvað gerist hér“, sagði einn Breiðhytingurinn árið 1973.³⁵ Raunar þurftu íbúarnir árum saman að bregðast til varnar fyrir hverfið sitt. „Hér er ósköp gott og rólegt að vera. Við kjósum ekkert frekar annan stað til þess að búa á. Breiðholt er ekkert verra hverfi en hvært annað í Reykjavík ...“ sagði einn íbúinn árið 1975.³⁶ Og annar komst svo að orði árið 1977:³⁷ „Ég er sannfærður um að hvergi hérlandis verði betra að búa en einmitt í Breiðholti þegar uppbyggingunni er lokið. Og ég vil leyfa mér að fullyrða að megin-



15

borri íbúa Breiðholts sé ánægður með búsetuna bar ...“ Vissulega mátti ýmislegt finna að Breiðholtinu. Vandamálin þar voru t.d. mörg og áberandi, einfaldlega vegna þess hversu fjölmennt og stórt hverfið var. „Hins vegar er staðreyndin sú að í þessu langfjölmennasta hverfi Reykjavíkur er minna um óspektir, ónæði og önnur vandræði en í öðrum hverfum borgarinnar, ef lítið er á hina frægu viðmiðun íbúafjöldans. Þetta sanna tölur frá lögreglunni“, var ritað árið 1976 og skorað á íbúa Breiðholts „að snúast gegn fréttum og frásögnum um óeðlilegt atferli hverfisbúa með því að gera átak í þá átt að efla samhug, bæta umhverfi og hafa jákvæð áhrif á afstöðu íbúanna til hverfisins.“³⁸

Skipulag Breiðholtsins vitnaði um viðleitni yfirvalda til þess að „koma með skjótum hætti til móts við þær frumþarfir einstaklinga og fjölskyldna að eignast þak yfir höfuðið. Nýting lands og fjármagns hefur miðað að því að veita sem flestum úrlausn í húsnæðismálum ...“³⁹ Þetta var á vissan hátt í anda þeirrar stefnu sem bæjaryfirvöld höfðu fylgt á síðari hluta sjötta áratugarins þegar ráðist var í að útþýma braggabyggðinni með byggingu fjölbýlishúsa sem virtist þá álitlegasta leiðin til að leysa vanda

sem flestra á sem skemmstum tímaog með sem minnstum tilkostnaði.⁴⁰

Einn hluti Efra-Breiðholts fékk sérstaklega harða gagnrýni, Fellahverfið, sem var meginathafnsvæði Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar og þar sem jafnframt var stærstur hluti leiguþúða Reykjavíkurborgar. Hverfið þótti of einsleitt, íbúasamsetningin einsleit og hverfið alltof afmarkað félagslega. Og ekki var laust við að þeir væru stundum litnir hornauga sem festu sér Framkvæmdanefndaríþúð. Einn íbúinn í Fellunum komst m.a. svo að orði skömmu fyrir jól 1977 þegar hann lýsti slikum viðhorfum:⁴¹ „Það er eins og sumir líti niður á okkur fyrir að hafa ekki keypt íbúð á frjálsum markaði ... Okkur finnst það aðalatriði að hér eignum við öruggt athvarf sem ekki verður metið til fjár, og þótt við vinnum mikið, yrðum við að vinna allan sólarhringinn ef við ætluðum að kasta okkur út í húsbyggingu eða festa kaup á íbúð á frjálsum markaði.“ Undir betta sjónarmið gátu margir tekið, fyrir mestu var að búa við öryggi.

Tæknilegar ástæður réðu miklu um það að flestar Framkvæmdanefndaríþúðirnar voru byggðar á samfelldu svæði í Fellunum. Nefndin tók í sína

þjónustu nýja gerð af byggingarkrönum því ætlunin var að byggja hratt og því var hagkvæmast að beita fjöldaframleiðsluaðferðum. Þannig virtist meira hugsað um hagkvæma byggingarhætti og að ná niður kostnaði þegar Fellahverfið var skipulagt en hugsanleg áhrif þess að byggja svo margar íbúðir á einu og sama svæðinu sem nánast eingöngu voru ætlaðar efnaminna fólk, auk þess að setja þar niður svo margar leiguíbúðir borgarinnar. Hverfið fékk því fljótlega nokkra sérstöðu í Reykjavík, ekki eingöngu vegna þess að hópur láglauнаfólkurs virtist þar hlutfallslega stærri en í öðrum borgarhlutum heldur voru einstæðir foreldrar fleiri í Efra-Breiðholti en annars staðar. Árið 1977 voru t.d. um 15% einstæðra foreldra í Reykjavík búsettur þar og næri fimmtungur barna í hverfinu var á þeirra vegum. Tíu árum síðar höfðu hlutfallstölurnar hækkað.⁴² Árið 1978 komst einn íbúinn í Efra-Breiðholti m.a. svo að orði:⁴³ „Fjölskylduaðstæður eru ef til vill að mörgu leyti óeðlilegar. Það eru t.d. til stigagangar í blokkum þar sem enginn fullorðinn karlmaður býr. Þar búa einungis einstæðar mæður.“ Og hann hélt áfram: „Vitneskjan um þessar aðstæður gefur alls kyns sögum byr og á þessu er alið í fjölmöldum. Staðreyndin er hins vegar sú að hér býr ekkert öðru vísi fólk en annars staðar.“ Þannig ýttu aðstæðurnar undir ýmsar ranghugmyndir um hverfið, en vissulega skapaði samþjöppunin ákveðna erfiðleika. Markús Örn Antonsson þáverandi borgarfulltrúi ritaði m.a. árið 1977:⁴⁴ „Ég dred enga dul á þá skoðun mína, að bygging leiguhúsnæðis Reykjavíkurborgar og húsa framkvæmdanefndarinnar í [Fellahverfi] ... sem ætlaðar voru efnaminna fólk, var umdeilanleg aðgerð út frá félagslegum sjónarmiðum.“ Og hann hélt áfram: „Framkvæmdirnar voru nauðsynlegar og fjárhagslega hagkvæmar miðað við aðrar leiðir en ókosturinn var að safna saman á svo takmarkað svæði fólkis, sem margt hefur átt við erfið vandamál að glíma.“ Hafi þarna verið gerð skipulagsmiðstök voru þau talin sérstaklega alvarleg ef þau bitnuðu á þeim sem áttu undir högg að sækja í tilverunni af fjárhagslegum, heilsufarslegum eða félagslegum ástæðum. Þorbjörn Broddason félagsfræðingur ritaði svo árið 1983:⁴⁵ „Sérflokkun á slíku fólk og söfnun þess á tiltölulega afmörkuð svæði skapar vandamál þar sem engin voru fyrir og magnar þau vandamál sem fólk kann að eiga í fyrir.“



16

Sumir þeirra sem komu við sögu skipulagsins og framkvæmdanna lýstu þeirri skoðun sinni síðar að hentugra hefði verið að dreifa byggðinni meira, draga úr þéttbýlinu og fléfta í auknum mæli saman í einu og sama hverfinu ólikar húsagerðir, mismunandi aldurshópa og ólíka þjóðfélagshópa.⁴⁶ Það var einmitt sú stefna sem varð ofan á við skipulagningu þrója og síðasta hluta Breiðholtsins, Seljahverfis. Og borgaryfirvöld hættu líka fljótlega að byggja margar leiguíbúðir á sama stað, og dreifðu heldur leiguhúsnæði sínu vitt og breitt um borgina.⁴⁷ Þau reyndu jafnframt að halda meira jafnvægi í nýrri byggð með tilliti til ólíkra stéttu.⁴⁸

Breiðholtið sýndi að augljós þörf var fyrir íbúðarhúsabyggingar á félagslegum grundvelli. Á næstu árum jókst bygging verkamannabústaða en lagaákvæði um þá höfðu verið felld inn í heildarlögjöf um húsnæðismál sem sett var árið 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins, en slíkur lagabálkur var í samræmi við „júlí-yfirlýsinguna“ 1965.⁴⁹ Þar

með var stefnt að því að endurvekja byggingakerfi verkamannabústaða en þeir höfðu að mestu lagst af í lok sjöunda áratugarins, m.a. vegna ónógs fjár í Byggingarsjóði verkamanna. Ákveðið var að nýta reynsluna af Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar og jafnframt að bjóða kaupendum verkamannabústaða svipuð lánskjör og giltu um þá sem fengu húsnæði sem nefndin hafði látið byggja.

Samkvæmt húsnæðislögnum frá 1970 var stjórn verkamannabústaða ætlað að kanna húsnæðispörf og gera byggingaráætlunar til fjögurra ára í senn og leggja tillögur sínar fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórn. Nefnd sérfræðinga sem skilaði skýrslu árið 1975 um íslenskan byggingariðnað og spá um stöðu hans fram til 1980 taldi húsnæðispörfina almennt griðarmikla eða 2.400 - 2.800 íbúðir á ári, en til þessa hefði byggingariðnaðurinn getað framleitt 1.800-2.000 íbúðir á ári án þess að veruleg þensla skapaðist af völdum þess.⁵⁰ Þannig var því spáð að byggja þyrfti 12 - 14.000 íbúðir á Íslandi á fimm árum og í Reykjavík einni jafnaðist íbúðafjöldinn á við margfalda Breiðholtsfram-

kvæmdir. Ekki urðu umsvifin svo mikil. Á árunum 1976 - 1980 voru teknar í notkun 3.280 nýjar íbúðir í Reykjavík, þar af um sjötti hluti á vegum stjórnar verkamannabústaða. Á árunum 1968 - 1975 voru hins vegar nýjar íbúðir í borginni 6.083 og rétt um fimmtungur þeirra fyrir tilstuðlan Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar.⁵¹ Á þessum tíma hafði grundvallarbreyting orðið á eignarhaldi íbúða í Reykjavík miðað við fyrri tið. Árið 1940 hafði mikill meiri hluti íbúða í bænum verið í leigu en tíu árum síðar hafði orðið sú breyting að liðlega helmingur íbúða taldist eignaríbúðir. Slíkum íbúðum fór síðan fjölgandi á næstu árum, voru um 64% allra íbúða í Reykjavík árið 1960 og voru orðnar um 83% íbúða í borginni árið 1983.⁵² Þannig höfðu margir loks séð vonir sínar um öruggt húsnæði rætast.

Ég kem oft á fornar slóðir í Fellunum. Móðir mínn á enn heima þar og unir hag sínum vel líkt og aðrir í stigahúsini. Hún er ekkja á eftirlaunum og nýtur þess einmitt ríkulega nú á efri árum að búa við það öryggi sem Framkvæmdanefndaríbúðin veitir henni.



TILVÍSANIR

- 1 Ingi Valur Jóhannesson og Jón Rúnar Sveinsson: Íslenska húsnæðiskerfið. Reykjavík 1986, 98, 108.
- 2 Sbr. Morgunblaðið 18. jan. 1938, 3-5. - Sjá einnig: Páll Lindal: Reykjavík. Byggðarstjórn í búsum ár. Saga sveitarstjórnar frá upphafi til 1970. Reykjavík 1986, 165.
- 3 Húsnæðisskýrslur 1. desember 1950. Hagsskýrslur Íslands, II, 15. Reykjavík 1957, 59-61. - Ingi Valur Jóhannesson og Jón Rúnar Sveinsson: Íslenska húsnæðiskerfið, 98, 108-110.
- 4 Eggert Þór Bernharðsson: Saga Reykjavíkur 1940-1990. Borgin I. Reykjavík 1998, 226-227.
- 5 Þjóðviljinn 17. mars 1963.
- 6 Eggert Þór Bernharðsson: Undir bárújárnsboga. Braggalif í Reykjavík 1940-1970. Reykjavík 2000, 80, 142. - Borgarskjalasafn Reykjavíkur. Íbúaskrá Reykjavíkur 1. des. 1963 (talið upp úr henni).
- 7 Sjá yfirlýsinguna: Morgunblaðið 10. júlí 1965, 1, 6, 25.
- 8 [Ásmundur Einarsson]: Vinnuveitendasamband Íslands 40 ára 1934-1974. Reykjavík 1975, 56.
- 9 Sjá reglugerð um íbúðabyggingar ríkisins og Reykjavíkurborgar: Stjórnartíðindi 1967, B, 145-149.
- 10 Alþýðublaðið 1. maí 1985, 7.
- 11 Alþýðublaðið 1. maí 1985, 7.
- 12 Eggert Þór Bernharðsson og Helgi M. Sigurðsson: Trésmiðafélag Reykjavíkur 100 ára. 1899 - 10. desember - 1999. Reykjavík 1999, 301-302. - Tíminn 3. mars 1967, 1, 14.
- 13 Sbr. t.d. „Húsnæðismálastofnun ríkisins. Viðtal við Sigurð Guðmundsson framkvæmdastjóra.“ Tímarit Íðnaðarmanna 44:3-4 (1971), 44.
- 14 Tíminn 2. nóv. 1968, baksíða, 10. - Vísir 2. nóv. 1968, baksíða.
- 15 Morgunblaðið 24. maí 1967, baksíða, 19. - Morgunblaðið 11. maí 1968, 8.
- 16 Þjóðviljinn 27. júlí 1967, 10. - Morgunblaðið 8. okt. 1967, baksíða.
- 17 Morgunblaðið 8. okt. 1967, baksíða.
- 18 Þjóðviljinn 10. maí 1968, 11.
- 19 Morgunblaðið 11. maí 1968, 8.
- 20 Þjóðviljinn 10. maí 1968, baksíða.
- 21 Þjóðviljinn 10. maí 1968, baksíða.
- 22 Þjóðviljinn 10. maí 1968, baksíða.
- 23 Þjóðviljinn 8. okt. 1967, 6.
- 24 Þjóðviljinn 8. okt. 1967, 7.
- 25 Sbr. t.d. Þjóðviljinn 25. júní 1972, 8-9. - Þjóðviljinn 4. okt. 1974, 3. - Besta hlutfallið sem Guðmundur J. Guðmundsson mundi eftir þegar hann leit til baka árið 1983 var þegar einn af hverjum þremur umsækjendum fíkk íbúð en venjulega voru 4-6 umsóknir um hverja íbúð,
- sjá: H[aukur] M[ár Haraldsson]: „Ef baráttu verkalýðshreyfingarinnar hefði ekki notið við, væri annað og ikara ástand í húsnæðismálum fólks. Rætt við Guðmundur J. Guðmundsson um Framkvæmdanefnad byggðingaráætlunar.“ Vinnan 33:1 (1983), 9.
- 26 Halldór Halldórsson: „Húsnæðismál.“ Íðnaðarmál 16:1-2 (1969), 5. - Pétur Eiríksson: „Byggingapörfr fram til 1980.“ Frjáls verslun 30:4 (1970), 25.
- 27 Morgunblaðið 11. maí 1968, 8.
- 28 Vísir 23. júlí 1968, 1. - Morgunblaðið 28. sept. 1968, 10.
- 29 Morgunblaðið 5. des. 1970, baksíða, 31.
- 30 Þjóðviljinn 19. apríl 1980, baksíða.
- 31 Árbók Reykjavíkurborgar 1986. Reykjavík 1986, 30-33.
- 32 Sbr. Þjóðviljinn 24. júlí 1977, 10-11.
- 33 Þjóðviljinn 2. ágúst 1972, 11. Auðkennt þar.
- 34 Þjóðviljinn 25. nóv. 1978, 7.
- 35 Morgunblaðið 20. jan. 1973, 10.
- 36 Vísir 1. okt. 1975, 7.
- 37 Dagblaðið 4. apríl 1977, 12-13.
- 38 Alþýðublaðið 6. apríl 1976, 2.
- 39 Morgunblaðið 2. des. 1977, 40.
- 40 Eggert Þór Bernharðsson: Undir bárújárnsboga, 248.
- 41 Morgunblaðið 11. des. 1977, 24.
- 42 Morgunblaðið 22. des. 1977, 4. - Þjóðviljinn 26. maí 1978, 13-14. - Árbók Reykjavíkurborgar 1978. Reykjavík 1978, 14, 35. - Árbók Reykjavíkurborgar 1988. Reykjavík 1988, 43, 49.
- 43 Þjóðviljinn 26. maí 1978, 13.
- 44 Morgunblaðið 2. des. 1977, 40.
- 45 Þorbjörn Broddason: „Vanhugsuð felagsverkfæði.“ Skipulagsmál höfuðborgarsvæðisins 4:1 (1983), 16.
- 46 Sbr. H[aukur] M[ár Haraldsson]: „Ef baráttu verkalýðshreyfingarinnar hefði ekki notið við.“ 8. - Mat á skipulagi Árbæjar- og Breiðholtshverfa. A: Mat skipulags höfunda. [Reykjavík] 1985, 23. - Þjóðviljinn 24. júlí 1977, 10-11.
- 47 Sbr. Eggert Þór Bernharðsson: Saga Reykjavíkur 1940-1990. Borgin I, 265.
- 48 Sbr. Áðalskipulag Reykjavíkur. Austursvæði 1981-1998. [Reykjavík] 1981, 15.
- 49 Sjá löginn: Stjórnartíðindi 1970, A,
- 50 Þróun byggingastarfsemi. Yfirlit um stöðu Íslensks byggðingaríonaðar og spá um þróun hans fram til 1980. Reykjavík 1975, [4].
- 51 Eggert Þór Bernharðsson og Helgi M. Sigurðsson: Trésmiðafélag Reykjavíkur 100 ára, 318.
- 52 Sbr. Hagskinna. Sögulegar hagtölur fyrir Ísland. Ritstjórar Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon. Reykjavík 1997, 375.

Hugrenningar húsmóður í Breiðholti

Frumbyggjaraunir

Sagan sýnir að þegar ný borgarhverfi hafa risið í Reykjavík hafa þau oft verið gagnrýnd í fyrstu, bæði hvað snertir skipulag og mannlíf. Sérfræðingar hafa skýrt það þannig að nýtt umhverfi geti valdið óróa og andlegu ójafnvægi meðal fólk sem stendur í flutningum, sérstaklega ef það hefur tekið á sig fjárhagslegar skuldbindingar og hefur enn ekki fest rætur á nýja staðnum. Talið er að það brjótist ekki síst út í framkomu yngstu íbúanna sem hafa þurft að kveðja gamla vini og skólafélaga, en ekki enn eignast nýja vini á nýja staðnum. Þannig var það einmitt þegar Breiðholtshverfin voru að risa um og eftir 1970. Fréttamenn fjölmídlanna voru ósparir að greina frá óknyttum unglunganna í þessum nýja borgarhluta og lögðu mikla áherslu á að umræddur atburður hefði átt sér stað í Breiðholti eða að lögregla hefði verið kölluð að húsi í Breiðholti vegna óláta. Þegar svipaðir atburðir áttu sér stað í eldri hverfum borgarinnar voru hverfin sjaldnast nafngreind, allra síst ef um Vesturbæ var að ræða.

Smám saman fékk Breiðholtið, sem í raun eru brjú aðskilin byggðahverfi, á sig þann stimpil í hugum almennings að þar byggi aðeins vandræða- og mis-indisfólk. Ekki var laust við að íbúar annarra hverfa litu óttaslegnum augum í átt að Breiðholtinu sem sumir kölluðu Gólanhæðir með tilvísun í hernaðarátök Palestínumannna og Ísraela. Aðrir kölluðu Breiðholtið Jökulheima af því að þar væri kaldara loftslag en í eldri borgarhverfum. Vitað er um hjón sem um betta leyti voru að svipast eftir framtíðarhúsnæði og fengu fyrst úthlutað lóð í Fossvogs-hverfi sem þá var einnig að risa. Þegar þau síðar tóku boði um að skipta yfir í lóð í Breiðholti 1, (Bakka- og Stekkjahverfi) áttu ættingjar þeirra og vinir ekki orð til að lýsa undrun sinni og vonbrigðum. Þegar húsið var risið og þau flutt inn með börn-in kom fyrir að gamlir vinir sem þau hittu á förnun vegi spurðu hvar þau ættu heima í borginni. Þegar

þeir heyrðu að þau byggju í Breiðholti kom ein-kennilegur svipur í andlit þeirra, augun stækkuðu og urðu eitt spurnamerki. Hakan seig niður á brjóst og síðan kom lágt andvarp: „Núúúú? Fóruð þið í Breiðholtið??? Og vorkunnartónninn leyndi sér ekki. Einnig er vitað um konu sem hafði sest að í þessu volaða hverfi og fékk svipuð viðbrögð frá sínum vinum. Hún hætti snarlega að segja fólk að hún ætti heima í Breiðholti og sagðist eiga heima rétt við Elliðaárdalinn! Eftir það urðu við-brögðin allt önnur hjá viðmælendum sem öfund-uðu þau og sögðu að þar hlyti að vera dásamlegt að búa.

Þegar ég var nýflutt í Breiðholtið var ég eitt sinn á leiðinni heim með strætisvagni og kom vagninn við á nokkrum stöðum á leið sinni frá Lækjartorgi upp í Hlíðar, en síðan ekki fyrr en komið var upp í Breiðholt. Á Miklubrautinni fór miðaldrar kona sem sat við hlið mér í vagninum að ókyrrast nokkuð og svipast um eftir næsta viðkomustað. Hún kallaði til vagnstjórans sem sagði henni að ekki yrði stansað næst fyrr en í Álfabakka. Hún leit á mig spurnaraugum og þegar ég sagði henni að það væri í Breiðholti hrópaði hún upp yfir sig: „Guð hjálpi mér, þangað fer ég ekki!“ En hún var örlogunum ofurseld og þegar við fylgdumst út á fyrsta viðkomustaðnum leit hún skjálfandi í kringum sig og leit óttaslegnum augum á krakkaskarann sem ruddist út úr bílum með nokkrum ærslagangi. Eitthvað hefur henni fundist ég gæðalegri, því að hún kippti í handlegginn á mér og spurði hvernig hún kæmist til Reykjavíkur aftur. Ekki vildi hún bíða eftir næsta strætisvagni (enda ferðir þeirra ennþá strjálar) svo að ég bauðst til að ganga með henni að næsta götu-horni þar sem oft voru lausir leigubilar. Hún þáði það með þökkum, en var alltaf að líta í kringum sig á leiðinni eins og hún byggist við yfirvofandi árás. Móð og másandi af geðshraeringu tjáði hún



18

mér að í blöðunum væru alltaf fréttir af ólátum í þessu Breiðholti og hún hefði aldrei trúað því að hún hefði átt eftir að upplifa það að fara þangað sjálf. Hún andvarpaði af miklum feginleik um leið og hún lét sig síga niður í sætið á leigubílinum og lagði allt sitt traust á bílstjóranum, að hann kæmi henni lifandi úr þessum hildarleik.

Að sjálfsögðu þótti íbúunum ýmislegt mega fara betur og stofnuðu félög til að koma skilaboðum til ráðamanna borgarinnar. Fyrstar á vaðið riðu konur úr Bakka- og Stekkjahverfi sem fengu lánaða eina skólastofu í Breiðholtskóla vorið 1970 til að ræða stofnun samtaka húsmæðra í hverfinu. Á fundinn komu 105 konur og sannaðist þær málshátturinn „þróngt mega sáttir sitja“ því að enginn samkomusulur var þá kominn í skólann. Þær boðuðu síðar á sinn fund fulltrúa frá SVR og bentu á

að fjölga þyrfti strætisvagnaferðum milli hvernafins og annarra borgarhluta þar sem erfitt væri fyrir unglingsa sem voru á leið til og frá framhaldsskóla (sem þá var ekki kominn í hverfið) að þurfa að bíða í næstum eina klukkustund eftir næsta vagni og ógerningur væri að fara gangandi vegna mikillar fjarlægðar. Þær bentu að að börn þyrftu að fara langar leiðir í skólasund og alla leið niður á Tjörn til að fara á skauta! Ekki gerðu þær þó kröfu um að reist yrði yfirbyggð skautahöll heldur aðeins að hermt yrði eftir náttúrunni. Fram að þessu höfðu börnin rennt sér á skautum þar sem rigningarávatn fraus á pollum sem mynduðust í dældum á ófrágengnum lóðum og opnum svæðum. Hver dæld eða hvert svell var þó ekki staðra en það að eitt barn gat skautað nokkra metra á einu litlu svelli í einu. Konurnar spurðu hvort ekki

væri hægt að hreinsa grjót úr botni malargryfanna ofan við Blesugrót (þar sem nú er Stekkjarbakki) svo að þar gæti myndast náttúrulegt skautasvell í sjálfu hverfinu sem nægði mörgum börnum í einu. Það fékkst ekki.

Skipulag — örnefni

Reykjavík er byggð á nesinu sem kallast Seltjarnarnes og nær landfræðilega upp í hlíðar Breiðholts. Þegar ekið er eftir Reykjanesbraut framhjá Fáskheimilinu upp í Breiðholt eru Elliðaárnar á vinstri hönd. Fyrir u.p.b. 10 þúsund árum, þegar ísöld var að ljúka lá landið lægra en nú er og eftir því sem ísbrúnin færðist innar í landið flæddi sjór í kjólfarið, eftir dalnum sem ísinn hafði meitlað. Við það myndaðist fjörður þar sem nú er Elliðaárdalur og náði hann a.m.k. inn að Höfðabakkabréu. Sennilega hafa fjörumörkin verið í u.p.b. 40 - 45 m hæð og eru sandhólarnir í Blesugrófinni ummerki frá þessum tíma. Þeir sjást á vinstri hönd þegar ekið er upp Reykjanesbraut. Efsti kollur Breiðholts (105 m.y.s.) stóð þá upp úr sjónum og þar fyrir ofan er Vatnsendahvarf í 145 m hæð yfir sjó. Síðar lyftist landið aftur og Elliðaárdalurinn tæmdist af sjó og fjörumörkin færðust neðar.

Mörk Reykjavíkur og Kópavogs eru í brekkunni á hægri hönd þegar ekið er upp Reykjanesbraut. Á okkar dögum skiljum við orðið „holt“ sem uppblásið og gróðurlaust svæði. Upprunalega þyddi íslenska orðið „holt“ sama og „viður“ eða „skógur“ (sbr. þýska orðið Holz). Málshátturinn „Oft er í holti heyrandi nær“ þyddi því að í holti/skógi (t.d. bak við stórt tré) gætu einhverjur leynst eða falið sig og heyrt/hlerað það sem sagt var þótt ekki væri til þess ættlast. Örnefnið Breiðholt býðir því í raun „hinn breiði/stóri skógur“ enda er talið að þar hafi Ingólfur landsnámsmaður átt skóglítök eins og önnur hlunnindi á Seltjarnarnesi hinu forna s.s. reka, selveiði, laxveiði, æðarvarp o.fl. Talið er að öll holt í borgarlandinu hafi verið orðin ör foka um 1500.

Rétt austan við malarhólana sem áður voru nefndir, norðan við Stekkjarkakkann og sjóppuna Staldríð, er lítið mýrhúðað íbúðarhús sem ber heitið Bakkakot. Það hús byggði Ásgeir Þorsteinsson, efnaverkfraðingur, og kona hans Elín, dóttir Hannesar Hafstein. Byggðu þau það sem sumarbústað

árið 1939, eða þar um kring. Við borun fékkst þar 30°C heitt vatn sem þau leiddu í sundlaug sem byggð var við sumarbústaðinn. Sundlaugin var 6 x 12 metrar og 2.5 metrar á dýpt. Nú hefur sundlaugin verið fyllt með möl til að valda ekki slysa-hættu. Afgangsvatn frá lauginni notuðu nágrennarinnar í Blesugrót til þvotta. Rétt austan við Bakkakot er einmitt eitt af jarðhitasvæðum borgarinnar og dælustöð stendur við Stekkjabakka sunnan vegar, ekki langt frá þar sem húsmæðurnar í hverfinu gerðu sér vonir um að fá skautasvell rétt eftir 1970.

Skammt frá Bakkakoti var fjárrétt, Breiðholtsrétt, en svæðið þar rétt hjá heitir Illaklif. Á þessu svæði voru áður mörg íbúðarhús sem nú hafa verið rifin, en enn sjást leifar gróðurs sem var umhverfis húsin. Eitt þessara húsa stakk mjög í stúf við hin og raunar öll önnur hús í Reykjavík. Það var sérkennilegt að lögun, rétt eins og það hefði verið steypt fri-hendis án steypumóta og í mörgum áföngum. Püssningin var óslétt með mörgum litlum hornum eða útskotun og einskonar turn gnæfði upp úr því efst. Ef til vill hefur turninn valdið því að nágrennarir kölluðu húsið Kastalann. Þegar byggð var að risa í Bakka- og Stekkjahverfi bjuggu í þessu húsi Blóney og Óskar Magnússon, bróðir Sigurðar A. Magnússonar, rithófundar. Þegar breikka þurfti Reykjanesbrautina vegna vaxandi umferðar þrengdist að Turninum og var hann loks brotinn niður með stórvirkum vinnuvélum. Blóney og Óskar fluttu þá upp á Hellisheiði og voru þekkt fyrir sérstæðan myndvefnað.

Þegar ekið er áfram upp Reykjansbraut er á vinstri hönd svæði sem kallast Mjódd. Þar er þjónustumiðstöð Bakka- og Stekkjahverfis, m.a. verslunar-miðstöð, læknastofur, kirkja, bankar, kvíkmyndahús o.fl. þjónustufyrirtæki. Örnefnið Mjódd virðist vera gamalt, en nú er farið að kalla þennan hluta þess Norður-Mjódd telst þá Suður-Mjódd sunnan við Breiðholtsbrautina, neðst í Seljahverfi, þar sem t.d. eru tvö háhýsi með íbúðum og þjónustumiðstöð fyrir aldraða ásamt bensínstöð og íþróttavelli. Kirkjan í Norður-Mjódd, Breiðholtskirkja, var vígð 13. mars 1988. Hún er oft kölluð Indíánatjald-íð því að í fljótu bragði líkist hún í ytra útliti tjöldum Indíána eða Sama. En tjaldform kirkjunnar minnir á að fyrir daga Krists héldu Ísraelsmenn guðsbjónustur í tjöldum þegar voru á ferð í eyðimörk-



19

inni, áður en Salómon konungur byggði sitt veglega musteri (bænahús) þar sem sáttmálsörkinni var komið fyrir.

Breiðholtsbærinn

Ef beygt er til hægri af Breiðholtsbraut inn á Stekkjarbakka eru rústir síðasta Breiðholtsbæjarins ekki langt undan. Litlar heimildir eru til um fyrstu byggð í Breiðholti, en getum hefur verið að því leitt að mjög fljóttlega eftir landnám, jafnvel á 10. og 11. öld, hafi nokkrar hliðarjarðir risið í landareign Ingólfss landnámsmanns til að nýta þau hlunnindi sem viðkomandi jarðir gáfu af sér. Í Breiðholti hefur þá verið nytjaður skógurinn sem þar var þá. Aðrar slíkar jarðir voru t.d. (Seljarnar-)Nes, Laugarnes, (Elliða-)Vatn, Vatnsendi og Kleppur og eftir 1300 einnig (Fifu-) Hvammur (sem um tíma hét Hvammkot) og svo Digranes. Í þorlákssögu helga er getið um bæ og kirkju í Breiðholti árið 1325 og árið 1395 er jörðin komin í eigu Viðeyjarklausturs og komst því í eigu konungs við síðaskiptin 1550. Árið 1898 keypti breskur maður, Mr. Payne, jörðina

Breiðholt fyrir 10.500.- krónur sem þá þótti mjög hátt verð. Til samanburðar hafði Reykjavíkurbær keypt tvær jarðir árið 1885 fyrir 10.200.- krónur. Það voru jarðirnar Laugarnes og Kleppur. Árið 1906 keypti svo bæjarsjóður í Reykjavík jörðina Breiðholt af Mr. Payne ásamt jörðunum Árbæ, Ártúni og Elliðaáum. Áðalforsendan var bygging vatnsveitu fyrir Reykjavíkurbæ.

Hlaða og fjós síðasta Breiðholtsbóndans var þar sem Gróðrarstöðin Alaska var starfrækt. Eigandi Alaska, Jón H. Björnsson, landslagsarkitekt, keypti 18 hektara lands með erfðafesturétti árið 1960 og voru þá 40 kýr í fjósinu og 70 hænur í skemmu rétt fyrir ofan. Jón starfrækti teiknistofu í húsi sem hann byggði áfast við gömlu hlöðuna. Með nýri byggð í Seljahverfi sagði borgin erfðafestusamningnum upp. Það var 1971, en árið 1977 var ákvæðið að stærð gróðrastöðvarinnar skyldi vera 2 hektarar og gert var ráð fyrir einbýlishúsi innan þess svæðis, en nákvæm staðsetning þess ekki ákvæðin. Þegar Jón hugðist byggja einbýlishúsið töldu nágrannar hans að húsið myndi raska forn-

minjum á þessum stað auk þess að skyggja á útsýni til Esjunnar, séð frá þeirra húsum. Þeir fóru þess á leit að einbýlishús Jóns yrði lækkað um 90 sm. Jón hélt þá borgarafund við rústir gamla Breiðholtsbæjarins sem var innan hans lóðarmarka (rétt ofan við vætanlegt einbýlishús hans).

Á fundinum greindi Jón frá staðasetningu gamla Breiðholtsbæjarins og þeim fornminjum sem hugsanlega gætu leynt í jörðu í næsta nágrenni. Ofan við sjálfan bæinn var Kirkjuhóll þar sem kirkjan í Breiðholti hefur staðið og mjög sennilega kirkjugarður því að bónindinn sem bjó í Breiðholti til ársins 1936 hafði fundið mannabein rétt hjá gamla kirkjustæðinu, en grafið þau aftur á sama stað. Önnur hús sem þarna voru áður voru t.d. hesthús, taðkofi, skemma og einnig kartöflugardur. Frá sjálfum bænum lágu traðir niður að hellulögðu vaði sem var á Kópavogslæknum sem á upptök sín ofar í holtinu. Traðirnar lágu í átt að Hvammkoti (síðar Fífuhammur) þar sem langafi Jóns, Björn að nafni, bjó á 19. öld. Við nánari athugun kom í ljós að þegar nágrannar hans voru að byggja sín hús og garða umhverfis þau höfðu þeir, sennilega óafvitað, rutt burt gömlu tröðunum. Einig höfðu borgarstarfsmenn grafið fyrir leiðslum og gangstíg og eyðilagt minjar um kofa og fjós. Árið 1981 var hluti þessa svæðis friðlýstur.

Jón greindi einnig frá því að langafi hans sem bjó í Hvammkoti hafi átt kirkjusókn í Breiðholti. Eitt sinn voru þrjú börn hans að koma heim frá kirkju og fóru yfir fyrrgreint vað á læknum. Í vorleysingum gat stundum vaxið snögglega í læknum og hann orðið haettulegur yfirferðar. Það gerðist einmitt í betta sinn svo að tvö systkinin drukknuðu. Matthías Jochumsson orti minningarljóð um þennan atburð, Börnin í Hvammkoti.

Nýlega hitti ég konu á níræðisaldri, Guðrún Jónsdóttur, sem hefur sterkar taugar til Breiðholts enda ólst hún upp í gamla Breiðholtsbænum og flutti þaðan árið 1936. Faðir hennar hefur mjög sennilega verið síðasti ábúandinn þar, en bærinn var rifinn kringum 1940. Það var hann sem fann mannabein í gamla kirkjugarðinum við kirkjuna. Hann bjó einnig til litla sundlaug með því að hlaða í kringum volgrur sem þarna eru. Þar læréð dætur hans að synda. Systurnar fóru einnig með rjóma, smjör og

skyr (og stundum mjólk) gangandi yfir Kópavogs-holtið alla leið til Reykjavíkur til þeirra sem höfðu pantað þessar afurðir hjá föður þeirra. Þær gengu á íslenskum skóm, en sjaldan var farið á hestum. Ferðin tók heilan dag, fram og til baka.

Mörg örnefni mætti telja upp í Breiðholtshverfunum, en aðeins örfá þeirra verða nefnd hér til viðbótar. Þrætuengi var t.d. kallaður ákveðinn staður þar sem nú er Norður-Mjódd, Móholt þar sem nú standa fjölbýlishúsin í Bakka- og Stekkjahverfi, Fálkhóll milli núverandi Fífusels og Dalsels og Grænagróf á svæðinu frá Keilufelli í Fellahverfi niður að Skeiðvellinum. Að norðanverðu, niðurundan Rituhólum í Hólahverfi, við Vatnssendaveg meðfram Elliðaánum var þær sem kallaðist Eddubær. Húsfreyjan þar málaði í tómstundum og hélt málverkasýningu í Eddubæ einhvern tíma á sjóunda áratugnum áður en byggðin reis í holtinu fyrir ofan. Myndefnið var bæði blóm og útsýnið frá bæjarhláðinu til borgarinnar. Neðst í brekkunni, nokkru vestar, rétt hjá stíflunni, er Draugaklettur. Einig hafa orðið til ný örnefni sem líka eiga sína sögu og skýringar. Gatan sem liggur frá Höfðabakkabrétt upp í Fella- og Hólahverfi er kölluð Birgisbraut, enda lögð í borgarstjóratið Birgis Ísleifs Gunnarssonar. Í Elliðaárdalnum heitir ákveðið gil Indíahagil, en þar hafa börn úr Breiðholtshverfunum leikið sér í Indíánaleik.

Þannig á hvert örnefni sína sögu, bæði úr fortíð og nútíð. Kannski mun Harry Potter galdra eitt-hvert nýtt örnefni í borginni, annað hvort í Breiðholti eða annars staðar. Enda þótt margir frumbýltingar í Breiðholti séu nú rúmlega 30 árum eldri en begar þeir fluttu þangað fyrst tregast þeir við að flytja þaðan þótt aldurinn færst yfir og hafa sumir begar notfært sér íbúðir fyrir aldraða í sínu hverfi. Börnin þeirra kaupa svo „ættaróðalið“ því þau vilja líka búa áfram í Breiðholti og ala sín börn upp þar. Hin neikvæða ímynd sem Breiðholtið hafði á sér í fyrstu er ekki lengur neikvæð, en hefur ef til vill flust á önnur yngri hverfi. Íbúarnir í Breiðholti hafa að vísu átt þar bæði sorgar- og gleðistundir eins og íbúar annarra hverfa og landshluta, en góðu endurminningarnar hafa yfirhöndina sem segir sína sögu um bæði skipulagið og mannlifið í Breiðholti.

Ljósmyndir

1. Kort af Breiðholti I. LUKR.
2. Hús Framkvæmdanefndar í Neðra-Breiðholti. Ljósmynd: Borgarskjalasafn, Húsnæðisnefnd Reykjavíkur, bréfasafn, B/34.
3. Kort af Breiðholti III. LUKR.
4. Hús Framkvæmdanefndar í Efra-Breiðholti. Ljósmynd: Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Þjóðviljinn filmusafn, Ljósmyndari Einar Karlsson.
5. Langablokkin í Efra-Breiðholti. Ljósmynd: Nína Magnúsdóttir.
6. Asparfell í Efra-Breiðholti. Ljósmynd: Nína Magnúsdóttir.
7. Byggðin á Fálkhól í Seljahverfi. Ljósmynd: Landmælingar Íslands.
8. Kort af Breiðholti II. LUKR.
9. Seljahverfi. Ljósmynd: Nína Magnúsdóttir.
10. Fólk á strætisvagnabíostöð í Efra-Breiðholti. Ljósmynd: Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Þjóðviljinn filmusafn.
11. Hús Framkvæmdanefndar í Neðra-Breiðholti. Ljósmynd: Nína Magnúsdóttir.
12. Sýningarálbúð í húsi Framkvæmdanefndar í Neðra-Breiðholti. Ljósmynd: Borgarskjalasafn, Húsnæðisnefnd Reykjavíkur, bréfasafn, B/34.
13. Íðnaðarmenn að störfum. Ljósmynd: Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Þjóðviljinn filmusafn, Ljósmyndari S.Dór.
14. Krakkar í hóp. Ljósmynd: Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Þjóðviljinn filmusafn, Ljósmyndari Guðgeir.
15. Yfirlitsmynd af Fellahverfi í Efra-Breiðholti. Ljósmynd: Borgarskjalasafn, Húsnæðisnefnd Reykjavíkur, bréfasafn, B/34.
16. Krani. Ljósmynd: Borgarskjalasafn, Húsnæðisnefnd Reykjavíkur, bréfasafn, B/34.
17. Fellahverfi í Efra-Breiðholti. Ljósmynd: Nína Magnúsdóttir.
18. Kona með barn. Ljósmynd: Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Þjóðviljinn filmusafn, Ljósmyndari Guðgeir.
19. Gamli Breiðholtsbærinn. Ljósmynd: Árbæjarsafn.

Menningarmálanefnd Reykjavíkur

Guðrún Jónsdóttir, formaður. Anna Geirsdóttir, Órnólfur Thorsson, Eyþór Arnalds, Július Vífill Ingvarsson, Pjetur Stefánsson og Kjartan Olafsson.

Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur: Eiríkur Þorláksson.

Syningarástjóri: Ágústa Kristófersdóttir.

Kynningarstjóri: Soffia Karlsdóttir.

Yfirllestur: Skjal.

Umsjón með gerð sýningarskrár: Þorbjörg Gunnarsdóttir.

Hönnun kápu: DBT

Umbrot og prentun: Grafik - Gutenberg h.f.

© Listasafn Reykjavíkur, 2002

ISBN 9979-769-10-6



LISTASAFN REYKJAVÍKUR
REYKJAVÍK ART MUSEUM

Aðal sambandsleið

Íslandssími C